

## **Sþ. 551. Fjárfestingar- og lánsfjáráætlun**

fyrir árið 1981.

(Löggjafarþingi á 103. löggjafarþingi 25. mars 1981.)

### **I**

#### **Inngangur**

Fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1981 er reist á ákvæðum laga um stjórn efnahagsmála frá 1979 um viðfangsefni fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar. Þar segir meðal annars, að áætlunin skuli taka til opinberra framkvæmda og fjármögnunar þeirra, starfsemi fjárfestingarlánasjóða og erlendar lántöku opinberra aðila. Einnig skal gera grein fyrir þróun og horfum um fjárfestingu í einstökum atvinnuvegum, þróun peningamála og áætlun um erlendar lántökur í heild. Um þessi atriði er fjallað í skýrslunni á svipaðan hátt og gert var í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1980. Í lögunum um stjórn efnahagsmála segir enn fremur, að með fjárfestingar- og lánsfjáráætlun skuli lagt fram frumvarp til laga um lántöku- og ábyrgðarheimildir og aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til fjáröflunar vegna opinberra framkvæmda og fjárfestingarlánasjóða, að því marki sem slík ákvæði eru ekki í fjárlögum. Frumvarp til lánsfjárlaga hefur þegar verið lagt fram á Alþingi.

Í tengslum við afgreiðslu fjárlaga í desember síðastliðnum voru lagðar fyrir Alþingi áætlanir um opinberar framkvæmdir, erlenda lánsfjáröflun og heildarfjárfestingu. Voru þessar áætlanir lagðar fram sem fylgiskjal með fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1981. Þessar áætlanir hafa nú verið endurskoðaðar en niðurstöður eru í veigamiklum atriðum svipaðar og í desemberáætlun.

Fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1981 er reist á þeim markmiðum í efnahagsmálum sem sett voru fram í þjóðhagsáætlun fyrir árið 1981 og í efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar frá 31. desember síðastliðnum. Um þjóðhagsforsendur áætlunarinnar er fjallað í sérstökum kafla hér á eftir.

Áætlunin er samin á vegum ríkisstjórnarinnar og hafa Fjárlaga- og hagsýslustofnun, Þjóðhagsstofnun, Seðlabanki Íslands og Framkvæmdastofnun ríkisins í samvinnu við einstök ráðuneyti annast undirbúningsvinnu.

### **II**

#### **Þjóðhagshorfur**

Bráðabirgðauppgjör þjóðarútgjalda og utanríkisviðskipta fyrir árið 1980 bendir til þess að þjóðarframleiðslan hafi aukist um 2,5% frá fyrra ári sem er töluvert meiri vöxtur en áður var gert ráð fyrir. Ástæðan er einkum sú, að fiskafli og framleiðsla sjávarafurða reyndist meiri en reiknað var með. Þannig varð til dæmis þorskaflinn 426 þúsund tonn samkvæmt bráðabirgðatölum í stað 380—400 þús. tonna í áætlun. Samkvæmt þessari niðurstöðu fyrir árið 1980, sem þó er enn að talsverðu leyti reist á áætlunum, hefur hagvöxtur í fyrra verið svipaður og á árinu 1979. Einkaneysla er nú talin hafa verið óbreytt að raunverulegu verðgildi frá árinu

áður og fjármunamyndun jókst líklega um 8% samanborið við 6,8% aukningu í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ársins. Nú er talið að þjóðarútgjöld í heild (neysla, fjárfesting og birgðabreytingar) hafi aukist um 2,8% á árinu 1980, en um 2,3% ef birgðabreytingar eru undanskildar.

Viðskiptakjör voru um 3½% lakari á árinu 1980 en árið áður og um rúmlega 4% lakari ef viðskipti álverksmiðjunnar eru undanskilin. Rýrnun viðskiptakjara í fyrra jafngilti um 1,3% af þjóðarframleiðslu og vöxtur raunverulegra þjóðartekna varð þannig 1,2% samanborið við 1,2% minnkun þjóðartekna á árinu 1979.

Utánríkisviðskiptin á árinu 1980 einkenndust af aukningu vöruútflutnings umfram aukningu innflutnings, rýrnun viðskiptakjara frá árinu áður og miklum halla á þjónustujöfnuði. Vöruútflutningur jókst um 9% á föstu verðlagi og verðhækkun á föstu gengi var tæplega 7%. Vöruinnflutningur jókst um 6½% á föstu verðlagi og verðhækkun í erlendri mynt var rúmlega 10%. Vöruskiptin við útlönd voru hagstæð um 108 milljónir króna. Halli á þjónustuviðskiptum varð 428 milljónir króna og halli á viðskiptajöfnuði varð því 320 milljónir króna, en í þjóðhagsáætlun í október var búist við 460 milljón króna halla.

Vísitala framfærslukostnaðar hækkaði um 58,5% milli árána 1979 og 1980 og um 58,9% frá upphafi til loka árs. Hækkun vísitölunnar undangengna 12 mánuði var yfir 60% í upphafi síðasta árs og fram undir mitt ár en síðan dró úr hækkuninni og var hún komin niður í 51% í nóvember. Síðustu tvo mánuði ársins urðu hins vegar miklar verðhækkningar. Hækkun byggingarvísitölu var heldur minni en hækkun framfærsluvísitölu. Frá upphafi til loka ársins var hækkunin 57,3% en 55,6% að meðaltali milli árána 1979 og 1980.

Kauptaxtar launþega hækkuðu um 51% að meðaltali milli árána 1979 og 1980 og kaupmáttur kaupaxta minnkaði því um 4—5%. Atvinnutekjur hækkuðu nokkru meira en kaupmáttur og sama gildir um ýmsar aðrar tekjur, t. d. lífeyristekjur og vaxtatekjur. Áætlað er að kaupmáttur ráðstöfunartekna í heild hafi verið um 2% minni árið 1980 en 1979 eða um 3% minni á mann. Er þá miðað við verðvísitölu einkaneyslu en hún hækkaði líklega heldur minna en vísitala framfærslukostnaðar. Tölur um tekjubreytingar eru enn að talsverðu leyti reistar á áætlunum.

Þjóðhagsspá fyrir árið 1981 hefur nú verið endurskoðuð með tilliti til þeirra breytinga sem orðið hafa frá því í október síðastliðnum er þjóðhagsáætlun var lögð fram.

Spá um framleiðslu sjávarafurða á árinu 1981 er m. a. reist á þeirri forsendu að þorskaflinn verði 420 þúsund tonn, eins og að er stefnt með þeim sóknartakmörkunum sem settar hafa verið. Í spánni er enn fremur miðað við að loðnuafli á vetrarvertíð verði um 150 þús. tonn eins og nú hefur verið heimilað. Um loðnuveiðar í haust er enn mikil óvissa en hér er gert ráð fyrir því að aflinn á komandi haustvertíð verði svipaður og á síðasta ári. Þetta felur hins vegar í sér að loðnuaflinn á árinu öllu verði um fjórðungi minni en í fyrra. Af þessum sökum er hér gert ráð fyrir að framleiðsla sjávarafurða dragist saman um 2½% á árinu 1981. Er þá reiknað með svipuðum afla og 1980 af öðrum tegundum en þorski og loðnu. Í þjóðhagsáætlun í október var gert ráð fyrir óbreyttri framleiðslu sjávarafurða milli árána 1980 og 1981 en þá var reyndar búist við talsvert minni framleiðslu 1980 en raun varð á. Að teknu tilliti til þessa er framleiðsluverðmætið 1981 nú áætlað heldur meira (reiknað á verðlagi ársins 1980) en var í þjóðhagsáætluninni í október. Önnur framleiðsla til útflutnings reyndist heldur minni árið 1980 en reiknað var með í fyrri áætlun.

Horfur fyrir árið 1981 eru nú dekkri en áður að því er varðar ál og kísiljárn. Orkuskortur hefur leitt til þess að draga hefur orðið verulega úr framleiðslu og því útlit fyrir minni framleiðslu í ár en áður var áætlað, jafnvel þótt úr rætist með raforku síðar á árinu. Nú er gert ráð fyrir að álframleiðsla á þessu ári verði svipuð og í fyrra, þrátt fyrir stækkun verksmiðjunnar, og núverandi áætlanir gera ráð fyrir tæplega 50% aukningu kísiljárnframleiðslu á þessu ári.

Niðurstaðan af þessum áætlunum er sú, að útflutningsframleiðslan í heild dragist saman

um tæplega 1% á árinu 1981 samanborið við 10% aukningu á árinu 1980. Hér gætir ekki síst áhrifa orkuskortisins á þessu ári og mikils samdráttar í loðnuafli. Útflutningur er áætlaður heldur minni en framleiðslan vegna nokkurrar birgðaaukningar.

Viðskiptakjör á síðasta ársfjórðungi 1980 voru heldur lakari en að meðaltali á árinu 1980 og áætlanir um útflutningsverð og innflutningsverð í janúar bentu til þess að viðskiptakjör hefðu heldur versnað frá fjórða ársfjórðungi 1980. Hækkun á gengi Bandaríkjadollars gagnvart öðrum myntum í febrúar felur í sér að viðskiptakjör Íslendinga batna nokkuð, en erfitt er að meta þau áhrif til lengri tíma.

Verðlag á frystum fiski í Bandaríkjunum mun sem fyrr ráða miklu um útflutningsverð á þessu ári. Verð á mikilvægustu afurðunum hefur nú verið nokkurn veginn óbreytt í meira en tvö ár þrátt fyrir að matvælaverð í Bandaríkjunum hafi almennt hækkad talsvert. Afar erfitt er að ráða í líklega verðþróun á frystiafurðum á næstu misserum, en engin merki um almennar hækkunir eru enn sjáanleg, hvað sem síðar kann að verða. Um aðrar sjávarafurðir er erfitt að segja en þar gæti þó orðið einhver hækkun. Verð á mjöli og lýsi á heimsmarkaði hefur þó lækkað að undanfögnu og gætir þar líklega að einhverju leyti áhrifa af hækkun á gengi dollars. Verð á áli hækkadi talsvert framan af árinu 1980 en undir lok ársins lækkaði verðið. Búið er við að álverð á þessu ári verði að meðaltali svipað og í fyrra en verð á kísiljárn gæti orðið heldur lægra í ár en í fyrra. Verð á öðrum útflutningsafurðum gæti hækkad eitthvað. Þegar allt er talið má ef til vill gera ráð fyrir að útflutningsverð á föstu gengi hækki um nær 6% milli árána 1980 og 1981. Er þá miðað við breytingu meðalgengis og hagstæð áhrif hækkunar á gengi dollars því meðtalin.

Innflutningsverð hækkadi tiltölulega lítið undir lok síðasta árs, meðal annars vegna þess að olíuverð samkvæmt innflutningsskýrslum fór lækkanði. Meðalverð alls vöruinnflutnings um áramót var nokkru hærra en meðalverðið 1980 og gera verður ráð fyrir að innflutningsverð hækki á þessu ári þótt hækkunir verði líklega heldur minni en á síðasta ári. Eins og áður veltur á miklu hver þróun olíuverðs verður á árinu. Skráð verð á olíu á Rotterdammarkaði hefur verið stöðugt að undanfögnu. Innflutningsverð á olíu mun þó líklega hækka á næstunni vegna þess að innflutt gasolía frá Bretlandi kemur þá í auknum mæli fram í innflutningsskýrslum, svartolía hefur hækkad í verði og hækkun á gengi dollars veldur hækkun á innflutningsverði olíu. Eins og nú horfir eru frekar líkur á að innflutningsverð olíu hækki heldur meira á þessu ári en verð á öðrum innflutningi. Hér verður gert ráð fyrir að innflutningsverð í heild hækki um 7—8% á föstu gengi milli árána 1980 og 1981.

Samkvæmt þessum spám um útflutningsverð og innflutningsverð verða viðskiptakjör á árinu 1981 1—2% lakari en á síðasta ári. Hér þarf þó að hafa í huga óvissu um verðlag á frystum afurðum, olíuverð og gengisþróun helstu mynta.

Spá um einkaneyslu er aðallega reist á áætlun um breytingar ráðstöfunartekna á árinu 1981. Kaupmáttur kauptaxta gæti orðið um 2% minni á þessu ári en á árinu 1980, en hækkun brúttótekna verður að líkindum nokkru meiri en hækkun kauptaxta, meðal annars vegna hækkunar lífeyristekna umfram kauptaxtabreytingu. Ráðstöfunartekjur munu hækka nokkru meira en tekjur fyrir skatt þar sem skattbyrði beinna skatta verður heldur minni en í fyrra. Að öllu samanlögðu er nú áætlað að kaupmáttur ráðstöfunartekna í heild verði um 1% meiri á þessu ári en í fyrra eða að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann verði svipaður bæði árin. Á grundvelli þessa er hér gert ráð fyrir 1% aukningu einkaneyslu.

Samneysla er talin aukast um 2% í ár og er þá aðallega lítið til útgjalda fyrirætlana fjárlaga.

Spá um fjármunamyndun er í veigamiklum atriðum hin sama og var í fylgiskjali með fjárlagafrumvarpi 1981 sem lagt var fram í desember. Samdrátturinn er heldur minni en þar var gert ráð fyrir. Samkvæmt spánni verður fjármunamyndun um 26% af þjóðarframleiðslu á árinu 1981 samanborið við 27% á árinu 1980. Nánari grein er gerð fyrir fjárfestingar-spánni í sérstökum kafla hér á eftir.

Spárnar um neyslu og fjárfestingu fela í sér að þjóðarútgjöld dragist saman um 1/2% á árinu 1981. Þessum samdrætti þjóðarútgjalda gæti fylgt nokkur samdráttur innflutnings. Eins og áður sagði er ekki við því að búast að vöruútflutningur aukist í ár, og hér verður gert ráð fyrir að útflutningur vöru og þjónustu verði svipaður að raunverulegu verðgildi og á síðasta ári.

Á árinu 1980 nam viðskiptahalli 320 milljónum króna eða um 2,4% af þjóðarframleiðslu, sem er minna en gert var ráð fyrir í október. Ofangreindar spár um útflutning, innflutning og viðskiptakjör fela í sér að vöruskiptajöfnuður gæti orðið hagstæður um nálægt 100 milljónir króna á verðlagi ársins. Hins vegar er enn útlit fyrir verulegan halla á þjónustujöfnuði og gæti hann numið rúmlega 500 milljónum króna. Samkvæmt því yrði viðskiptahallinn á árinu 1981 rúmlega 400 milljónir króna eða um 2,3% af þjóðarframleiðslu. Þetta er ívið minni halli í hlutfalli við þjóðarframleiðslu en á árinu 1980 enda þótt gert sé ráð fyrir samdrætti í útflutningsframleiðslu og rýrnun viðskiptakjara.

Niðurstaða þjóðhagsspár er að þjóðarframleiðsla verði óbreytt á þessu ári frá því sem var á árinu 1980. Í þjóðhagsáætlun var hins vegar reiknað með 1% vexti þjóðarframleiðslu. Ástæða þessarar breytingar er fyrst og fremst lakari horfur í útflutningsframleiðslu. Vegna rýrnandi viðskiptakjara dragast þjóðartekjur lítilsháttar saman eða um 1/2% en um 1 1/2% á mann.

### Þjóðhagsspá 1981

	Milljónir króna		Magnbreytingar frá fyrra ári, %	
	Áætlun 1980	1979	Áætlun 1980	Spá 1981
Einkaneysla .....	8 300	2,0	0	1,0
Samneysla .....	1 590	3,5	2,0	2,0
Fjármunamyndun .....	3 585	0,1	8,0	-4,1
Birgðabreytingar .....	75	.	.	.
Þjóðarútgjöld .....	13 550	1,6	2,8	-0,5
Útflutningur vöru og þjónustu .....	5 805	5,5	2,5	0
Innflutningur vöru og þjónustu .....	6 125	3,1	3,2	-1,0
Viðskiptajöfnuður .....	-320	.	.	.
Verg þjóðarframleiðsla .....	13 230	2,8	2,5	0
Viðskiptakjaraáhrif .....	.	-4,0	-1,3	-0,5
Vergar þjóðartekjur .....	.	-1,2	1,2	-0,5

Magnbreytingar 1979 eru miðaðar við verðlag ársins 1969.

Magnbreytingar 1980 eru miðaðar við verðlag ársins 1979.

Magnbreytingar 1981 eru miðaðar við verðlag ársins 1980.

Viðskiptakjaraáhrif eru reiknuð sem hlutfall af þjóðarframleiðslu fyrra árs.

Atvinnuástand hefur almennt verið gott undanfarna mánuði þótt erfiðleika hafi gætt á einstökum stöðum. Samkvæmt þjóðhagsspá verður þjóðarframleiðslan svipuð á þessu ári og í fyrra og samkvæmt fjárfestingaráætlun verður byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð einnig með svipuðu móti og á árinu 1980, en þá jukust umsvif í þessari grein um 3—4%.

Gangi þessar spár eftir er líklegt að eitthvað dragi úr þeirri spennu eftirspurnar sem ríkt hefur á vinnumarkaði að undanförunu. Nauðsynlegt verður að fylgjast náið með atvinnuástandi, bæði í einstökum atvinnugreinum og á einstökum stöðum.

Efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar frá 31. desember sl. er meðal annars reist á því markmiði að draga svo úr hraða verðbólgunnar að hún lækki í um 40% á árinu 1981. Efnahagsaðgerðir um sl. áramót miðuðu einkum að því að draga verulega úr verðhækkunum á fyrstu mánuðum ársins frá því sem annars hefði orðið. Framvindan á fyrri hluta ársins hefur því mikil áhrif á þróunina síðar á árinu, að öðru óbreyttu. Þessar aðgerðir hafa þegar borið árangur, en nauðsynlegt verður að fylgjast náið með verðlagsþróuninni og meta stöðuna síðar á árinu í ljósi framvindunnar framan af ári.

Þótt takist að koma verðlagshækkunum niður undir 40% á árinu 1981 verður meðalhækkun milli árána 1980 og 1981 nokkru meiri en fjárlög ársins miðast við, 42%. Í þessu sambandi er hins vegar mikilvægt að fjárhæðir fjárveitinga og lánveitinga verði ekki almennt rýmkaðar vegna breyttra verðlagsforsendna. Af þessum sökum er fjárfestingar- og lánsfjáráætlun í aðalatriðum miðuð við verðlagsforsendur fjárlaga óbreyttar, auk þess sem svo nán tengsl eru milli fjárlaga og fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar, að óhjákvæmilegt er að hvort tveggja sé á sama verðlagi. Um samhengi verðlagsforsendna og peningamála er sérstaklega fjallað í kaflanum um peningamál hér á eftir.

### III

#### Opinberar framkvæmdir

Heildarframkvæmdir á vegum hins opinbera á árinu 1980 eru taldar nema um 1 376,5 m.kr. Áætlaðar framkvæmdir 1981 nema 2 009,5 m.kr. en það felur í sér um 2,8% aukningu á framkvæmdamagni frá fyrra ári. Nánari sundurliðun er sýnd í töflu 1—5 og töflu 10 í töfluviðauka.

Auk fjármögnunar á opinberum framkvæmdum er þörf fjármagns til skuldagreiðslna og annarra viðfangsefna. Í töflum hér að neðan er sýnd heildarfjárbörf og fjáröflun. Í töflum 1—5 í viðauka er að finna frekari sundurliðun framkvæmda og fjármögnunar.

	Áætlaðar framkvæmdir	Skulda-greiðslur	Önnur láns-fjárbörf	Samtals
Fjárbörf (í þús.kr.)				
1. Raforkuver og rafveitur	741 750	89 850	—	831 600
2. Hita- og vatnsveitur	357 580	4 000	—	361 580
3. Samgöngumannvirki	558 140	—	—	558 140
4. Byggingar hins opinbera	352 000	—	—	352 000
5. Annað	—	—	177 200	177 200
Samtals	2 009 470	93 850	177 200	2 280 520

	Fjárveiting á fjárlögum	Fjáröflun sveitarfélaga og fyrirtækja	Lánsfjáráætlun 1981	Samtals
Fjáröflun (í þús.kr.)				
1. Raforkuver og rafveitur	22 600	61 320	747 680	831 600
2. Hita- og vatnsveitur	4 700	137 380	219 500	361 580
3. Samgöngumannvirki	169 420	232 970	155 750	558 140
4. Byggingar hins opinbera	211 630	129 370	11 000	352 000
5. Annað	—	—	177 200	177 200
Samtals	408 350	561 040	1 311 130	2 280 520

## Fjáröflun

Afla þarf lánsfjár að upphæð 1 333 630 þús.kr. til opinberra aðila. Fjárhæðin er sundurliðuð á einstök verkefni í töflu 6 í töfluviðauka og einnig hér á eftir. Til ríkisframkvæmda eru lántökuáform alls að fjárhæð 626 940 þús.kr., þar af til A-hluta 235 420 þús.kr. og til B-hluta 391 520 þús.kr. og er lánsfjáröflun til Bygðasjóðs 31 500 þús.kr. þá meðtalin. Þá er gert ráð fyrir lántökum fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs að fjárhæð 503 390 þús.kr. og sveitarfélaga að fjárhæð 203 300 þús.kr.

Af 626 940 þús.kr. fjárförf til ríkisframkvæmda og annarra þarfa er áætlað að 338 100 þús.kr. verði aflað innanlands. Erlendar lántökur nema alls 288 840 þús.kr. Fjáröflun innanlands er ráðgerð með eftirfarandi hætti: Innheimta af endurlánuðu spariskírteinafé er áætluð 140 000 þús.kr. en endurgreiðsla eldri spariskírteina 50 000 þús.kr., þannig að nettóinnstreymi verður 90 000 þús.kr. Útgáfa spariskírteina er áætluð 90 000 þús.kr., verðbréfakaup innlánsstofnana og fé frá lífeyrissjóðum til fjármögnunar á ríkisframkvæmdum er alls áætlað 108 000 þús.kr., og loks eru ráðgerðar lántökur ríkissjóðs hjá Bygðasjóði 20 100 þús.kr. og hjá vörslusjóðum Tryggingastofnunar ríkisins 30 000 þús.kr.

Ríkisstjórnin hefur leitað ríkissjóði heimildar til lántöku erlendis að fjárhæð 288 840 þús.kr. með sérstöku frumvarpi til lánsfjárlaga sem liggur fyrir Alþingi. Í 16. gr. fjárlaga fyrir 1981 var veitt heimild til 90 000 þús.kr. verðbréfaútgáfu.

Auk þeirrar opinberu fjáröflunar sem þegar er getið mun aflað heimildar til erlendar lántöku til fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs. Alls nemur þessi fjáröflun 503 390 þús.kr., þar af renna 462 190 þús.kr. til Landsvirkjunar. Loks er þess að geta að áformað er að leita heimildar til erlendar lántöku fyrir sveitarfélög, alls að fjárhæð 203 300 þús.kr. Þar af renna 188 300 þús.kr. til hitaveituframkvæmda og 15 000 þús.kr. til ýmissa verkefna á vegum bæjar- og sveitarfélaga.

## Ráðstöfun lánsfjár

Í eftirfarandi yfirliti er sýnd ráðstöfun lánsfjár stofnana og fyrirtækja ríkisins miðað við fjárfestingaráætlanir, auk þess sem sýnd er áætluð lánsfjáröflun annarra opinberra aðila. Að neðan er sýnt yfirlit um einstaka liði og greinargerð um hvern lið.

### Lánsfjárförf ríkissjóðs, fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs og sveitarfélaga 1981

Í þús.kr.

#### 1. Ríkissjóður:

##### 1.1. A-hluti:

Þjóðarbókhlaða .....	4 000
Vegagerð .....	92 050
— bundið slitlag .....	10 000
— sérstök verkefni .....	12 000
— jaðarbyggðir .....	8 100
Landshafnir .....	2 000
Landsvirkjun, eiginfjárframlag .....	3 820
RARIK, vegna félagslegra framkvæmda .....	15 000
Hafnargerð, vegna skipasmíða .....	11 000
Flugmálastjórn .....	4 000
Krafla, vaxtaútgjöld .....	36 450
Landspítalinn .....	7 000
Tryggingastofnun ríkisins .....	30 000

Samtals 235 420

##### 1.2. B-hluti:

Bygðasjóður .....	31 500
Landakaup kaupstaða og kauptúna .....	3 000
Lánasjóður isl. námsmanna .....	33 000
Ríkisútvarp .....	4 000

Lagmetisiðjan Siglósíld .....	1 000
Skípaútgerð ríkisins .....	24 000
RARIK, almennar framkvæmdir .....	83 080
Byggðalínur .....	52 100
Kröfluvirkjun .....	33 640
Jarðvarmaveitur ríkisins .....	8 000
Virkjunarrannsóknir .....	8 000
Grænfóðurverksmiðjur .....	2 700
Orkusjóður:	
Byggðalínur .....	38 400
Hitaveitulán .....	7 500
Jarðhitaleit .....	11 000
Landssmiðjan .....	3 000
Áburðarverksmiðja ríkisins .....	35 000
Póstur og sími:	
Vörukaupalán .....	4 600
Framkvæmdir á Austurlandi .....	8 000
	Samtals 391 520
	Samtals A- og B-hluti 626 940
<b>2. Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs:</b>	
Landsvirkjun .....	462 190
Orkubú Vestfjarða vegna raforkuframkvæmda .....	15 000
Orkubú Vestfjarða vegna fjarvarmaveitna .....	12 200
Járnblendifélagið .....	14 000
	Samtals 503 390
<b>3. Sveitarfélög:</b>	
Hitaveitur .....	188 300
Önnur lánsfjárförf .....	15 000
	Samtals 203 300
	Alls (1 + 2 + 3) 1 333 630
Fjáröflun:	
Spariskirteini .....	90 000
Innheimt af endurlánuðu spariskirteinafé (nettó) .....	90 000
Verðbréfa kaup bankakerfis og lífeyrissjóða .....	108 000
Önnur innlend fjáröflun .....	50 100
Erlend lán .....	995 530
	Samtals 1 333 630

#### A-hluti fjárlaga

**Þjóðarbókhlaða.** Gert er ráð fyrir 4 000 þús.kr. lántöku til að halda áfram byggingarframkvæmdum við Þjóðarbókhlaðu. Af fjárlögum verða þá alls til ráðstöfunar 7 300 þús.kr. á árinu 1981, en sú fjárhæð auk fjárveitingar 1980 nægir til að steypa upp húsið.

**Vegagerð.** Heildarútgjöld til vegamála samkvæmt fjárlögum nema alls 388 000 þús.kr. Fjármögnun er þrjúþætt. Lántaka er áætluð alls 122 150 þús.kr. og skiptist á verkefni eins og tilgreint er hér að neðan. Tekjur af mörkuðum tekjustofnum nema 234 100 þús.kr. auk beinnar fjárveitingar að upphæð 31 750 þús.kr.

**Vegagerð, bundið slitlag.** Af heildarlánsfjáröflun til vegagerðar er ráðgert að afla 10 000 þús.kr. sérstaklega til lagningar bundins slitlags á vegi.

**Vegagerð, sérstök verkefni.** Ráðgert er að afla 12 000 þús.kr. lánsfjár hjá Bygðasjóði til vegaf framkvæmda. Ráðstöfun þessa fjár hefur enn ekki verið ákveðin en hún mun gerð í samráði við Vegagerð ríkisins og fleiri aðila.

**Vegagerð, jaðarbyggð, þ. á m. hafisvegur.** Á árinu 1980 voru veittar 4 000 þús.kr. til vegagerðar á N-Austurlandi þar sem hafis hafði valdið verulegum samgönguferfiðleikum. Auk þess hefur Framkvæmdasjóður á undanförunum árum lánað nokkra fjárhæð til vegagerðar þar sem samgöngur hafa verið einna erfiðastar. Ráðgerð er 8 100 þús.kr. lántaka hjá Bygðasjóði á árinu 1981 til skyldra verkefna.

**Landshafnir.** Í fjárlögum er stefnt að 2 000 þús.kr. lánsfjáröflun til framkvæmda við landshafnir. Þar af eru 1 500 þús.kr. ætlaðar til framkvæmda við landshöfnina í Keflavík-Njarðvík og 500 þús.kr. til framkvæmda við landshöfnina í Rífi.

**Landsvirkjun.** Fyrirhugað er að afla 3 820 þús.kr. lánsfjár til að inna af hendi þriðja framlag af fimm til Landsvirkjunar vegna aukningar eiginfjár fyrirtækisins. Mótframlag Reykjavíkurborgar nemur jafnhárrí fjárhæð.

**RARIK, vegna félagslegra framkvæmda.** Í gjaldahlið fjárlaga er gert ráð fyrir 15 000 þús.kr. framlagi til RARIK til að mæta fjármagnsútgjöldum vegna félagslegra framkvæmda fyrri ára. Yfir stendur athugun á því hvernig félagslegur þáttur fjárfestinga RARIK skuli metinn.

**Hafnargerð.** Í fjárfestingar- og lánsfjáraætlun 1980 var gert ráð fyrir lántöku atvinnu-fyrirtækja, alls 6 500 þús.kr., vegna hafnaraðstöðu skipasmíðastöðva. Áformað er að ríkissjóður afli 11 000 þús.kr. lánsfjár 1981 til þessara framkvæmda en sveitarfélög annast mótframlag til framkvæmdanna.

**Flugmálastjórn.** Í fjárlögum er gert ráð fyrir 18 850 þús.kr. framlagi til framkvæmda í flugmálum. Í lánsfjáraætlun fyrir 1981 er áformað 4 000 þús.kr. lánsfjáröflun til flugmála, þar af 2 000 þús.kr. til malbikunar flugbrauta og 2 000 þús.kr. til tækjakaupa.

**Kröfluvirkjun, vextir.** Í lánsfjáraætlun fyrir 1981 er áformað að afla ríkissjóði lánsfjár vegna vaxtaútgjalda af Kröflulánum, alls 36 450 þús.kr. Áformað er að umbreyta afborgun lána vegna virkjunarinnar í lán til lengri tíma.

**Landspítalinn.** Ákveðið er að festa kaup á tölvustýrðu sneiðmyndatæki fyrir Landspítalann. Til þess að fjármagna þessi tækjakaup er ráðgert að afla 7 000 þús.kr. lánsfjár.

**Tryggingastofnun ríkisins.** Á undanförunum árum hefur safnast upp skuld Tryggingastofnunar ríkisins við ýmsa sjóði sem eru í vörslu stofnunarinnar. Því er áformað að ríkissjóður afli 30 000 þús.kr. innlends lánsfjár til skuldagreiðslna.

## **B-hluti fjárlaga**

**Bygðasjóður.** Ráðgerð lánsfjáröflun Bygðasjóðs er alls 31 500 þús.kr. Fjárveiting til sjóðsins nemur 37 500 þús.kr. og eigið fé sjóðsins er áætlað 11 000 þús.kr. Ráðstöfunarfé sjóðsins er því alls 80 000 þús.kr. eða um 1,5% af heildarútgjöldum A-hluta ríkissjóðs og hefur þá framlag til sjóðsins verið lækkað eins og til annarra fjárfestingarlánasjóða.



**Landakaup kaupstaða og kauptúna.** Markaður tekjur þess sjóðs sem lánar til landa-kaupa kaupstaða og kauptúna hafa á undanförunum árum rýrnað mjög að verðgildi. Framlag ríkissjóðs er lögákveðið, 100 þús.kr., en auk þess hefur sjóðurinn tekjur af eigin fé. Ráðgert er að afla 3 000 þús.kr. lánsfjár til endurlána til sveitarfélaga þegar um landakaup er að ræða.

**Lánasjóður íslenskra námsmanna.** Fyrirhugað er að afla 33 000 þús.kr. á árinu 1981 til þess að sjóðurinn geti uppfyllt reglur um lánveitingar allt að 90% umframfjárþarfar lán-takenda. Sjóðnum er ætlað að taka umrætt lán og annast skil vaxta og afborgana. Að öðru leyti vísast til almennra athugasemda um Lánasjóð íslenskra námsmanna í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1981.

**Ríkisútlag.** Ráðgert er að afla 4 000 þús.kr. lánsfjár til þess að standa straum af kostnaði við framkvæmdir og tækjakaup ríkisútlagsins. Framkvæmdir og tækjakaup eru alls áformuð fyrir 15 800 þús.kr.

**Lagmetisiðjan Siglósíld.** Fyrirtækið hefur átt við rekstrarerfiðleika að etja á árunum 1979 og 1980. Því er áformað að afla fyrirtækinu 1 000 þús.kr. lánsfjár, auk 1 000 þús.kr. fjárveitingar í fjárlögum, til þess að bæta rekstrarstöðu þess og auðvelda því að taka upp nýjar og arðbærari framleiðslugreinar.

**Skipaútgærd ríkisins.** Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun 1980 var Skipaútgærd ríkisins heimiluð 1 800 þús.kr. lántaka til smíði vöruskemmu í Reykjavík. Í þessari áætlun er áformað að afla 24 000 þús.kr. lánsfjár til Skipaútgærdar ríkisins, þar af renna 20 000 þús.kr. til hönnunar og byrjunarframkvæmda við smíði nýrra skipa og 4 000 þús.kr. til smíði vöruskemmu og til að bæta aðstöðu við Reykjavíkurhöfn.

**RARIK, almennar framkvæmdir.** Áformaðar framkvæmdir á vegum RARIK eru sem hér segir:

Virkjanir, stofnlínur og aðveitustöðvar .....	55 020 þús.kr.
Innanbæjarkerfi .....	27 000 þús.kr.
Dísilstöðvar, vélar og tæki og aðstöðusköpun .....	5 060 þús.kr.

Samtals 87 080 þús.kr.

Veigamestu verkefni ársins 1981 eru spennuhækkun á raforkukerfi Suðurlands auk spennuhækkunar á Austurlandi. Spennuhækkun kerfisins á Austurlandi tengist framkvæmdum og tengingu byggðalínu til Hafnar í Hornafirði. Fjármögnun framkvæmda er tvíþætt, þ. e. 83 080 þús.kr. lánsfjáröflun alls og 4 000 þús.kr. tekjur af heimaugargjöldum. RARIK annast jafnframt meginhluta framkvæmda sem fjármagnaðar eru með framlögum úr Orkusjóði, þ. e. 17 000 þús.kr. til styrkingar dreifikerfis í sveitum og 5 000 þús.kr. sem varið er til sveitarafvæðingar. Í yfirliti 7 í töfluviðauka er sýnd skipting framkvæmdafjár og fjáröflunar til almennra framkvæmda RARIK.

**Byggðalínur.** Ráðgerð er 52 100 þús.kr. lántaka vegna framkvæmda við byggðalínur. Meginverkefni ársins 1981 er áframhald framkvæmda og tenging suðausturlínu frá Hryggstekk til Hafnar í Hornafirði. Í yfirliti 8 í töfluviðauka er sýnd skipting framkvæmdafjár.

**Kröfluvirkjun.** Lánsfé vegna Kröfluvirkjunar er áætlað 33 640 þús.kr. og verður fénu varið til borunar þriggja hola og nauðsynlegra tenginga þeirra auk gæslu virkjunarinnar, viðhalds og rannsókna.

**Jarðvarmaveitur ríkisins.** Ráðgerð er 8 000 þús.kr. lántaka vegna Jarðvarmaveitna ríkisins. Fyrirtækið safnaði skuldum á árunum 1979 og 1980 sem hlutust af rekstrarerfiðleikum vegna eldsumbrota í Bjarnarflagi. Athugun stendur yfir á fjármálum fyrirtækisins. Lánsféð er ætlað að hluta til að létta lausaskuldum af fyrirtækinu og að hluta til framkvæmda, samkvæmt síðari ákvörðun. Á sama hátt er unnið að úttekt á fjárhagsstöðu og rekstri Jarðborana ríkisins, en við verulegan fjárhagsvanda er að etja sem finna verður lausn á.

**Virkjunarrannsóknir.** Í framhaldi af ákvörðun 1980 þess efnis að framvegis verði litið á rannsóknarkostnað við virkjunarframkvæmdir sem hluta stofnkostnaðar hlutaðeigandi virkjunar er áformað að afla 8 000 þús.kr. lánsfjár til rannsókna á virkjunarkostum þar sem athugunum er lengst á veg komið. Þess er vænst að unnt reynist að taka ákvörðun á þessum vetri um næstu virkjun fyrir landskerfið. Í tengslum við það yrði tekin ákvörðun um frekari fjárútvægum til undirbúnings og áframhaldandi rannsókna fyrir virkjunina.

**Grænfóðurverksmiðjur.** Lánsfjáröflun til grænfóðurverksmiðja nemur alls 2 700 þús.kr. og skiptist þannig að 1 000 þús.kr. renna til grænfóðurverksmiðju í Hólminum í Skagafirði, 1 000 þús.kr. til grænfóðurverksmiðju í Saltvík í S-Pingeyjarsýslu og 700 þús.kr. til endurnýjunar tækja- og vélbúnaðar grænfóðurverksmiðju í Saurbæ í Dölum.

**Orkusjóður, vegna byggðalína.** Á lánsfjáraætlun fyrir 1981 aflar ríkissjóður alls 38 400 þús.kr. lánsfjár vegna vaxta af lánnum til byggðalína. Áformað er að umbreyta afborgun lána vegna byggðalína í lán til lengri tíma.

**Orkusjóður, vegna hitaveitulána.** Framkvæmdir vegna hita- og fjarvarmaveitna eru fjármagnaðar með ýmsum hætti. Einn liður í þeirri fjármögnun er lánveiting úr Orkusjóði. Lántaka Orkusjóðs vegna endlána til þessara framkvæmda nemur alls 7 500 þús.kr.

**Orkusjóður, vegna jarðhitaleitar.** Framlag úr A-hluta ríkissjóðs til Orkusjóðs vegna jarðhitaleitar nemur alls 3 000 þús.kr. Auk þess er sjóðnum aflað 11 000 þús.kr. lánsfjár þannig að útlánageta sjóðsins nemur alls 14 000 þús.kr. Til jarðhitaleitar á norðanverðu Snæfellsnesi er ráðgert að verja 3 000 þús.kr.

**Landssmiðjan.** Að undanfögnu hefur verið unnið að athugun á möguleikum á flutningi Landssmiðjunnar í nýtt og hentugra húsnæði. Landssmiðjunnar hefur verið úthlutað lóð fyrir starfsemi sína við Skútuvog í Reykjavík. Á árinu 1980 var fengið bráðabirgðalán hjá Seðlabanka Íslands að fjárhæð 1 200 þús.kr. Aflað mun alls 3 000 þús.kr. lánsfjár á árinu 1981 og rennur hluti þess til endurgreiðslu bráðabirgðaláns.

**Áburðarverksmiðja ríkisins.** Ákveðið er að reisa sýruverksmiðju við Áburðarverksmiðju ríkisins í Gufunesi. Hönnun og undirbúningi þessarar framkvæmdar er að mestu lokið. Á árinu 1981 er áformað að afla 35.000 þús.kr. lánsfjár til þess að hefja framkvæmdir en stefnt er að því að ljúka framkvæmdum á árinu 1982.

**Póstur og sími, vegna vörukaupalána.** Á sama hátt og gert var í lánsfjáraætlun fyrir 1980 er áætlað fyrir vörukaupalánum Pósts og síma í tengslum við ýmsar framkvæmdir, alls 4 600 þús.kr.

**Póstur og sími, framkvæmdir.** Áformað er að afla 8 000 þús.kr. lánsfjár til framkvæmda á vegum Pósts og síma. Fjármagninu verður varið til tengingar sjálfvirks síma og til sérstakra verkefna í tengslum við raforkuframkvæmdir á Austurlandi.

### **Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs**

**Landsvirkjun.** Áætlanir Landsvirkjunar fyrir árið 1981 gera ráð fyrir áframhaldandi framkvæmdum við Hrauneyjafoss og að gangsetning 1. vélar virkjunarinnar verði haustið 1981. Framkvæmdir á vegum fyrirtækisins nema alls 469 830 þús.kr. sem skiptist þannig að 369 830 þús.kr. renna til framkvæmda við Hrauneyjafossvirkjun, 33 000 þús.kr. til annarra framkvæmda, þ. e. við Sigöldu og Búrfell, auk 67 000 þús.kr. sem eru vaxtagreiðslur af lánnum á byggingartíma. Lánsfjáröflun til framkvæmda á vegum Landsvirkjunar er alls áformuð 462 190 þús.kr. Að auki koma 7 640 þús.kr. úr rekstri fyrirtækisins. Það er hluti Reykjavíkurborgar í aukningu eiginfjár fyrirtækisins að fjárhæð 3 820 þús.kr. og hluti ríkissjóðs sem nemur sömu fjárhæð eins og áður er getið.

**Orkubú Vestfjarða.** Sundurliðun á lánsfjármögnuðum framkvæmdum Orkubús Vestfjarða er sýnd í töflu 9 í töfluviðauka. Samtals eru ráðgerðar framkvæmdir fyrir 31 200 þús.kr., þar af 16 000 þús.kr. á sviði raforkuframkvæmda og 15 200 þús.kr. vegna framkvæmda við fjarvarmaveitur. Alls er áformað að afla 27 200 þús.kr. lánsfjár en úr rekstri eru áætlaðar 4 000 þús.kr.

Framkvæmdir í raforkumálum eru margþættar; línubyggingar, aðveitustöðvar, innanbæjarkerfi o. fl. Hluti þessara framkvæmda tengist framkvæmdum við fjarvarmaveitur en lánsfé til fjarvarmaveitna verður ráðstafað til veituframkvæmda á Ísafirði, í Bolungarvík og á Patreksfirði.

**Járnblendifélagið.** Samkvæmt aðalsamningi ríkisstjórnar Íslands og Elkem-Spigerverket A/S hafa hluthafar skuldbundið sig til að sjá Járnblendifélaginu fyrir fjármagni með hluthafalánnum, sbr. ákvæði 3. tl. 5. gr. samningsins. Upphæð lánanna getur numið alls 44 millj. norskra króna og er hlutur ríkissjóðs, miðað við 55% eignaraðild, 24,2 millj. norskra króna. Líklegt er talið að á árinu 1981 þurfi ríkissjóður að lána Járnblendifélaginu í samræmi við ofangreint samkomulag allt að 14 000 þús. ísl. kr.

### **Sveitarfélög**

Framkvæmdir við hita- og fjarvarmaveitur aðrar en á vegum Orkubús Vestfjarða eru alls fyrirhugaðar fyrir um 290 380 þús.kr. Fjármögnun þessara framkvæmda er þannig að úr rekstri skila fyrirtækin 64 560 þús.kr., lánsfé hjá Lánasjóði sveitarfélaga nemur 30 000 þús.kr., úr Orkusjóði koma 7 520 þús.kr. og aðrar lántökur á erlendum eða innlendum mörkuðum nema alls 188 300 þús.kr.

Lánastofnanir, sem lána til hita- og fjarvarmaveitna, hafa í vaxandi mæli farið fram á ábyrgð af hálfu ríkisins. Stafar þetta m. a. af því að þau lánskjör sem gilda á lánnum til hita- og fjarvarmaveituframkvæmda eru veitunum erfið þar sem lánin eru til mun skemmri tíma en ætla má að búnaður fyrirtækjanna endist. Lánveitingar eða ábyrgðir af ríkisins hálfu verða ekki veittar til einstakra veitna fyrr en iðnaðarráðherra hefur veitt einkaleyfi til reksturs og fjármálaráðherra hefur fallist á áætlanir um fjárhagsgrundvöll hvers fyrirtækis.

Í töflu 2 í töfluviðauka er yfirlit um hitaveituframkvæmdir og fjármögnun þeirra. Eins og á árinu 1980 eru umfangsmestu verkefni á vegum Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, Hitaveitu Akureyrar og Hitaveitu Suðurnesja.

Lántökur til ýmissa framkvæmda sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra nema alls 15 000 þús.kr., þar af renna 5 200 þús.kr. til Rafveitu Vestmannaeyja og Vestmannaeyjakaupstaðar vegna fjárhagsvanda þeirra og er það í samræmi við tillögur úttekta- nefndar þeirrar er um málið fjallaði á sínum tíma.

## IV

### Fjárfestingarlánasjóðir

Fjárfestingarlánasjóðir sem greint er frá í þessari lánsfjáráætlun eru alls 17 að tölu en þar af eru 12 sem lánsfjár er aflað til samkvæmt áætluninni. Eru þetta sömu sjóðir og teknir hafa verið til meðferðar á lánsfjáráætlun fyrri ára.

Fjárfestingarlánasjóðunum er í áætluninni skipt í tvo aðalflokka, annars vegar íbúðalánasjóði (Byggingarsjóð ríkisins og Byggingarsjóð verkamanna) og hins vegar atvinnuvegasjóði. Er þá greint á milli þeirra sjóða er Framkvæmdasjóður lána til, og fáeinna annarra atvinnuvegasjóða er ekki njóta að jafnaði sérstakrar fjármögnunar frá Framkvæmdasjóði. Ný útlán sjóðanna eru áætluð árið 1981 1 008 m.kr., þar af íbúðalánasjóðir 400 m.kr. eða 39,7% og atvinnuvegasjóðir 608 m.kr. eða 60,3%, og er þetta 48,9% hærri fjárhæð en árið 1980 er nam það ár 677 m.kr. miðað við sömu sjóði. Hækkun íbúðalánasjóðanna milli ára verður 70,6% en hækkun atvinnuvegasjóða er 37,4%. Hin mikla aukning útlána íbúðalánasjóðanna á rætur að rekja til nýrra laga um húsnæðismál þar sem gert er ráð fyrir stóru aukinni starfsemi Byggingarsjóðs verkamanna, en áætluð útlán þess sjóðs árið 1981 eru 100 m.kr. en urðu 17 m.kr. á árinu 1980.

Fjármögnun fjárfestingarlánasjóðanna, sem útlánastarfsemi þeirra byggist á, gerist sem kunnugt er með þrennum hætti, a) eigin fjármögnun af fé er losnar úr rekstri, b) framlögum frá hinu opinbera og skatttekjum eins og lög ákveða og c) aðfengnu lánsfé eins og ákveðið er á lánsfjáráætlun. Hluti lánsfjár samkvæmt lánsfjáráætlun í heildarútlánnum fjárfestingarlánasjóða hefur verið allbreytilegur undanfarin ár. Hann nam 48,2% árið 1978 en 59,7% árið 1979 og 57,0% árið 1980 og mun nema 67,5% árið 1981. Þannig hefur hluti lánsfjár í fjármögnun sjóðanna farið verulega vaxandi á undanförunum árum. Önnur fjármögnun sjóðanna er að langmestu leyti opinbert framlagsfé þar sem eigin fjármögnun skilar litlu til nýrrar ráðstöfunar. Þannig er gert ráð fyrir að eigin fjármögnun sjóðanna 1981 nemi 21 m.kr. en opinbert framlagsfé 307 m.kr.

Fjárfestingarlánasjóðirnir gegna afar þýðingarmiklu hlutverki í fjármögnun fjárfestingar hér á landi, ekki síst sökum þess hve almenn þátttaka áhættufjármagns í atvinnurekstri er hér óveruleg. Það hefur verið skoðun stjórnvalda á undanförunum árum, að óhjákvæmilegt væri að efla starfsemi sjóðanna og auka útlánagetu þeirra með útvegum lánsfjár þeim til handa samkvæmt lánsfjáráætlun. Jafnframt hefur nú að undanförunu verið lögð á það rík áhersla af stjórnvöldum, að sjóðirnir styrktu fjárhag sinn og þá jafnframt útlánagetu með raunsæri ávöxtun fjárins. Í þessum efnum hefur þegar náðst verulegur árangur þar eð verðtrygging nær nú til þorra útlána. Eldri óverðtryggð lán vega þó enn þungt og veldur hin afar öra verðbólga mikilli skerðingu þess fjár. Samræming útlánakjara er komin vel á veg eins og stefnt hefir verið að á undanförunum árum.

Eins og undanfarin ár eru lífeyrissjóðirnir veigamikil og vaxandi uppspretta fjár til lánveitinga til langs tíma. Á árinu 1980 munu lánveitingar þeirra til fjárfestingarlánasjóða nema 197 m.kr. Á árinu 1981 er áætlað að lífeyrissjóðir láni fjárfestingarlánasjóðum 296 m.kr. Þetta jafngildir 36,5% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna, sem er áætlað 810 m.kr. Skuldabréfakaup lífeyrissjóðanna af fjárfestingarlánasjóðunum 1981 skiptast þannig, að Framkvæmdasjóður fær af því fé 123 m.kr., íbúðalánasjóðirnir 167 m.kr. og til Stofnlána- deildar landbúnaðarins ganga 6 m.kr. samkvæmt reglum.

Nýtt skyldusparnaðarfé að frádregnum endurgreiðslum fyrri ára, 34 m.kr., og lántaka hjá Atvinnuleysisstryggingasjóði, 36 m.kr., ganga eins og undanfarin ár til Byggingarsjóðs ríkisins. Með þeirri útvegum lánsfjár sem hér hefir verið nefnd á Byggingarsjóður ríkisins að geta haldið starfsemi sinni í eðlilegu horfi, en útlánin geta numið 300 m.kr. Hin geysimikla aukning íbúðarlánasjóðanna stafar af hinum auknu umsvifum Byggingarsjóðs verkamanna sem getið er hér að framan.

Gert er ráð fyrir að bankarnir láni til Framkvæmdasjóðs 4% af innlánsaukningu ársins 1981 eins og á liðnu ári. Viðskipti þessi milli Framkvæmdasjóðs og viðskiptabankanna hafa verið í föstum skorðum undanfarin 14 ár og allt fram til ársins 1978 var hér um að ræða 10% af innlánsaukningu bankanna. Á þennan veg taka bankarnir þátt í uppbyggingu atvinnuveganna með lánveitingum til langs tíma.

Samkvæmt áætluninni mun Framkvæmdasjóður lána alls 263 m.kr. á árinu 1981, þar af 253 m.kr. til fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna. Er sú fjárhæð miðuð við að lágmarksútlánageta viðkomandi fjárfestingarlánasjóða sé tryggð. Til þess að ná því marki mun Framkvæmdasjóður þurfa að taka erlend lán er nemi 72 m.kr. Samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar var á árinu 1980 frestað fram til ársbyrjunar 1981 helmingi erlendra lántöku Framkvæmdasjóðs samkvæmt lánsfjáráætlun, 25 m.kr., og þá jafnframt samsvarandi útlánunum fjárfestingarlánasjóðanna. Viðbótarlántaka í erlendu fé nemur því 47 m.kr. sem er um 7% lækkun frá áætlun 1980. Auk þessa, og alveg utan síns reglubundna starfssviðs, mun Framkvæmdasjóður annast útvegum 17 m.kr. láns til Framleiðsluráðs landbúnaðarins með ábyrgð ríkissjóðs.

Þá er enn fremur um að ræða erlent lán Byggðasjóðs 32 m.kr. og yrði ráðstöfunarfé sjóðsins þá alls 80 m.kr. á árinu 1981. Í árslok 1980 samþykkti stjórn Framkvæmdastofnunar að viðbótarlán Byggðasjóðs til innlendra smíði fiskiskipa yrðu lækkuð úr 10% í 5%. Ríkisstjórnin hefur hins vegar ákveðið að á árinu 1981 heimilist Byggðasjóði að taka lán að fjárhæð 15 m.kr. vegna fiskiskipa og munu þau útlán tryggð með sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs.

Eins og áður þarfnast Fiskveiðasjóður lánsfjár langt umfram aðra lánasjóði atvinnuveganna. Valda því hin miklu skipakaup liðinna ára og mikil innlend skipasmíði að undanfögnu. Þá ber að geta þess að innlendar skipasmíðar, þar með taldar meiri háttar breytingar, endurbætur og viðgerðir skipa, eru nú fjármagnaðar með erlendum lánunum sem tekin eru af viðkomandi gjaldeyrisbanka, jafnháum hinum endanlegu lánunum Fiskveiðasjóðs, en sjóðurinn tekur við þeim lánunum að verkum loknum og endurlánar með lengdum lánstíma, allt að 18 árum, eins og reglur sjóðsins gera ráð fyrir. Lán þau er Fiskveiðasjóður yfirtekur með þessum hætti eru nú talin til útlána þegar smíði lýkur og yfirtakan fer fram, en áður var til útlána talið hjá Fiskveiðasjóði afborganir sjóðsins af hinum erlendu lánunum að frádregnum afborgunum frá lántakendum.

Eigin fjármögnun Fiskveiðasjóðs verður sífellt erfiðari. Samkvæmt endurskoðaðri lánsfjáráætlun 1980 er hún neikvæð um 42 m.kr. og 1981 neikvæð um 74 m.kr. Þrátt fyrir 61 m.kr. framlög og skatttekjur það ár er hún neikvæð um 13 m.kr. Með yfirteknum erlendum lánunum vegna skipasmíða, 131 m.kr., og láni frá Framkvæmdasjóði, 95 m.kr., verða útlán Fiskveiðasjóðs 1981 213 m.kr. sem er 77,5% hækkun frá árinu 1980. Getur sjóðurinn þá lánað til vinnslustöðva um 61 m.kr. Til þeirra verkefna var lánað um 25 m.kr. á árinu 1980 og er hér því um að ræða 144% hækkun milli ára. Brýnt er að lokið verði hið fyrsta uppbyggingu hraðfrystihúsanna og að fé sé fyrir hendi til nauðsynlegustu aðgerða er leiði til bættrar framleiðni í fiskverkun. Þegar með eru tekin lán Byggðasjóðs til fiskiðnaðar, en þau urðu um 19 m.kr. 1980 og vart lægri 1981, geta lán þessarar tveggja sjóða til fiskiðnaðar numið a. m. k. 80 m.kr. á árinu 1981.

Samkvæmt áætluninni mun Iðnlánasjóður geta lánað 101 m.kr. en útlán 1980 nema

57 m.kr. Er því um að ræða hækkun milli ára er nemur 77,2%. Þegar með eru talin lán Iðnþróunarsjóðs, 45 m.kr., og lán og styrkir Iðnrekstrarsjóðs, 10 m.kr., geta lán þessara þriggja sjóða til iðnaðar á árinu 1981 numið um 156 m.kr., en það er hins vegar 67,6% hækkun frá árinu 1980. Þessu til viðbótar koma síðan lán Bygðasjóðs en þau námu á árinu 1980 um 8 m.kr. Trúlega verður þar um að ræða verulega aukningu á árinu 1981 en um skiptingu fjár sjóðsins á því ári hefir enn ekki verið tekin endanleg ákvörðun.

Loks er að geta þess að fjárútvægum til Lánasjóðs sveitarfélaga miðast við að sjóðurinn geti lánað um 30 m.kr. til framkvæmda við hitaveitur á ýmsum stöðum á landinu.

Hér fer á eftir samandregið yfirlit yfir útlán og fjármögnun fjárfestingarlánasjóðanna árin 1980—1981 þar sem jafnframt eru sýndar hlutfallslegar breytingar frá næsta ári á undan.

#### Fjárfestingarlánasjóðir: Útlán og fjármögnun 1980—1981 Í m.kr.

	Greiðslu- yfirlit 1980	Lánsfjár- áætlun 1981	Breyting frá fyrra ári %	
			1980	1981
<b>Útlán</b>				
<b>Fjárfestingarlánasjóðir, alls</b> .....	<b>646,9</b>	<b>1 008,2</b>	<b>34,8</b>	<b>55,9</b>
Íbúðalánasjóðir .....	234,4	400,0	42,1	70,6
Par af Byggingarsjóður ríkisins .....	217,1	300,0	41,6	38,2
Byggingarsjóður verkamanna .....	17,3	100,0	46,6	478,0
Atvinnuvegasjóðir .....	412,5	608,2	31,0	47,4
Par af Framkvæmdasjóður .....	177,5 <sup>1)</sup>	263,4 <sup>2)</sup>	30,9	48,4
Bygðasjóður .....	62,2	95,0	9,5	52,7
<b>Fjármögnun</b>				
<b>Fjárfestingarlánasjóðir, alls</b> .....	<b>646,9</b>	<b>1 008,2</b>	<b>34,8</b>	<b>55,9</b>
Eigin fjármögnun, nettó .....	61,5	20,7	58,5	-66,3
Framlög og skatttekjur .....	229,8	306,8	34,1	33,5
Lántökur .....	355,6	680,7	31,9	91,4
Lífeyrissjóðir .....	197,4	296,4	59,6	50,2
Bankakerfið .....	36,3	44,0	70,4	21,2
Skyldusparnaður, brúttó .....	16,8	33,6	- 17,6	100,0
Atvinnuleysistryggingasjóður .....	16,8	36,4	-5,6	116,7
Erlend lán .....	36,8 <sup>1)</sup>	138,9	-13,8	277,4
Önnur lán .....	51,5	131,4	20,6	155,1

<sup>1)</sup> Undanskilið hér er 30,0 m.kr. lán til Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

<sup>2)</sup> Undanskilið hér er 17,0 m.kr. lán til Framleiðsluráðs landbúnaðarins en innifalið 5,0 m.kr. lán til Útflutningslánasjóðs.

## V

### Framlög ríkisins til fjárfestingarlánasjóða og framkvæmda atvinnuvega og einstaklinga

Auk fjármögnunar ýmissa framkvæmda sem getið er í kafla III og í töflum 1—5 í töfluviðauka veitir ríkissjóður umtalsverðu fjármagni til fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna, fjárfestingarlánasjóða sveitarfélaga og einstaklinga auk framlaga til íbúðarhúsa- bygginga. Skv. 2. og 3. tl. 15. gr. laga nr. 13/1979 um stjórn efnahagsmála o. fl. skal í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun gera grein fyrir þessum atriðum.

Í eftirfarandi yfirliti er sýnd skipting þessa fjár í þrjá meginflokka:

**Framlög ríkissjóðs í A-hluta fjárlaga til atvinnuvega, byggingar íbúðarhúsnæðis og annarra sem ekki koma fram í yfirlitum 1—5 í töfluviðauka**

Í þús.kr.

	1980	1981	Hlutfallsbr. milli ára
I Atvinnuvegir .....	113 040	167 060	47,8
Landbúnaður .....	46 940	72 990	
Fiskveiðar og fiskiðnaður .....	13 700	18 540	
Annar iðnaður og verslun .....	16 000	20 020	
Annað og óskipt .....	36 400	55 510	
II Íbúðarhúsnæði .....	75 850	118 540	56,3
III Byggingar og mannvirki hins opinbera .....	49 760	54 590	9,7
Alls	238 450	340 190	42,7

Framlög sem renna til atvinnuvega, annað hvort sem bein framlög ríkissjóðs eða sem framlög til atvinnuvegasjóða, nema alls 167 060 þús.kr. samkvæmt fjárlögum 1981, en það er um 47,8% hækkun frá fyrra ári.

Byggðasjóður lánar til fjölmargra atvinnugreina. Fjárveitingu til sjóðsins 1981 er skipt milli atvinnuvega og sveitarfélaga en ekki milli einstakra atvinnugreina.

Í fjárlögum er sú stefna mörkuð að dregið er úr framlögum til fjárfestingarlánasjóða. Ljóst er að eiginfjárstaða margra fjárfestingarlánasjóða hefur styrkst að undanfögnu vegna verðtryggingar útlána.

Beinar fjárveitingar úr ríkissjóði eru skil markaðra tekjustofna til Byggingarsjóðs verkamanna 75 000 þús.kr., auk beins framlags til Byggingarsjóðs ríkisins 43 000 þús.kr. og til smíði dýralæknisbústaða 536 þús.kr.

## VI

### Opinber öflun lánsfjár og ráðstöfun þess

Venja er að gera hverju sinni sérstaka grein fyrir skipulegum aðgerðum hins opinbera til öflunar fjármagns og ráðstöfun þess til eigin framkvæmda og fyrir milligöngu fjárfestingarlánasjóða. Mörkin milli slíkrar beinnar fjárúttegunar og þess fjármagns sem einkaaðilar og lánastofnanir afla með heimild og einhverri tilstuðlan hins opinbera eru þó ekki ætíð glögg. Við gerð þess yfirlits sem hér fer á eftir eru mörkin skilgreind fremur þröngt og í sem nánustu samhengi við venju undanfarinna ára.

Ástæða er til að ætla að innlend fjáröflun til opinberra framkvæmda geti farið vaxandi með aukinni verðtryggingu á almennum lánamarkaði, vexti lífeyrissjóða er hlíta kaupskyldu skuldabréfa samkvæmt lögum o. s. frv. Veruleg umskipti og áherslubreytingar á þessum vettvangi valda þó verulegri óvissu um í hvaða formi þessi fjármögnun muni falla til. Þetta á meðal annars við um nýja útgáfu spariskírteina og happdrættisbréfa, sem áætluð hefur verið 90 m.kr., en hinir nýju verðtryggðu sparifjárreikningar mynda fýsilegan valkost fyrir sparendum. Innheimta af endurlánuðu spariskírteinafé umfram innlausn er um 90 m.kr. Verðbréfakaup viðskiptabanka og sparisjóða, 7% af innlánaaukningu, eru að mestu komin í fast horf. Er áætlaður hluti þeirra til opinberra framkvæmda 48 m.kr. en til Framkvæmdasjóðs renna 4% af innlánaaukningu viðskiptabanka. Viðleitni til þess að selja lífeyrissjóðunum ríkisskuldabréf hefur fram til þessa ekki borið tilætlaðan árangur en ætlunin er enn að takast á við þennan vanda. Að því marki sem fé leitar inn á verðtryggða reikninga í bönkum umfram

brýna þörf eða jafnvel eftirspurn eftir útlánum með samsvarandi kjörum, kann að reynast auðið að afla nokkurra viðbótarlána af þeim uppruna. Með tilliti til nauðsynjar á sveigjanlegum ráðstöfunum í þessum efnum er lánsfjáröflun frá bankakerfi og lífeyrissjóðum áætluð í einu lagi 108 m.kr. Loks er áformuð sérstök fjáröflun, 30 m.kr., með þeim hætti að lausaskuldum Tryggingastofnunar ríkisins verði breytt í föst lán. Fjárútvægum Bygðasjóðs til vegagerðar 20,1 m.kr. (til sérstakra verkefna og jaðarbyggða) er hins vegar sleppt í þessu yfirliti þar sem fjáröflunin er talin á vegum fjárfestingarlánasjóða.

Innlend lánsfjáröflun fjárfestingarlánasjóða fer að öllu leyti venjubundnar leiðir. Verðbréfa kaup lífeyrissjóða eru áætluð 296,4 m.kr. og eru þar meðtalin aðeins þau kaup sem hið opinbera beitir sér fyrir eða viðurkennir. Mundu þá verða um 30 m.kr. til kaupa á ríkisskuldabréfum, sé miðað við uppfyllta kaupskyldu lífeyrissjóða, 40% af ráðstöfunarfé þeirra. Reyndin hefur þó orðið sú að lífeyrissjóðirnir hafa fullnægt nokkru af kaupskyldu sinni með beinum lánum til fjárfestingarlánasjóða, sem þeim eru tengdir, svo sem frávik frá áætlun 1980 er til marks um. Þetta hefur þó sem fyrr segir fremur bitnað á fjáröflun ríkisins en fjárfestingarlánasjóða á vegum hins opinbera. Aðrir liðir innlendar fjáröflunar eru einnig fremur öruggir. Skyldusparnaður nettó hefur að vísu orðið minni að undanfögnu en vonir stóðu til en nýjar reglur um verðtryggingu hans ættu að tryggja meiri festu framvegis.

Erlent lánsfé til opinberra aðila og fjárfestingarlánasjóða er í eðli sínu afgangsfjármögnun, sem tekur við þar sem innlent lánsfé hrekkur ekki til. Á vettvangi opinberra framkvæmda hefur einstökum stórum aðilum verið vísað að mestu eða öllu til erlendar lántöku, sbr. kaflann um þann hluta áætlunarinnar, en fyrir fjárfestingarlánasjóðina er slík lántaka nánast alfarið á hendi Framkvæmdasjóðs. Erlend skipalán, sem Fiskveiðasjóður yfirtekur við lánveitingar sínar, eru ekki talin hér með þar sem útgerðaraðilar hafa tekið þau án opinberrar milligöngu. Þau eru hins vegar uppfærð í töflum um fjárfestingarlánasjóðina sem lántaka Fiskveiðasjóðs við yfirtökuna, sbr. nánari skýringar í kaflanum um sjóðina.

Nedri hluti meðfylgjandi töflu sýnir ráðstöfun umrædds lánsfjár í meginráttum. Um hana er þó ekki þörf að fjalla frekar en þegar en gert í hlutaðeigandi köflum. Rétt er þó að benda á að hér er sleppt tvítalningu milli opinberra framkvæmda og fjárfestingarlánasjóða, en fjáröflun og ráðstöfun færð þeim megin sem við á hverju sinni. Þannig aflar ríkissjóður 31,5 m.kr. lánsfjár fyrir Bygðasjóð en hann skal aftur á móti útvega ríkinu 20,1 m.kr. lán til vegafamkvæmda. Sams konar víxl voru á lánsfjáraætlun 1980. Þó varð framkvæmdin sú að Framkvæmdasjóður annaðist lántökuna fyrir Bygðasjóð. Lánsfjáröflun Framkvæmdasjóðs til Framleiðsluráðs landbúnaðarins, 17 m.kr., er hér meðtalin, einnig sem ráðstöfun af hálfu fjárfestingarlánasjóða, hliðstætt meðferð sams konar ráðstöfunar 1980.

#### Opinber öflun lánsfjár og ráðstöfun þess í m.kr.

	Uppgjör 1979	Lánsfjár- áætlun 1980	Bráða- birgða- útkoma 1980	Lánsfjár- áætlun 1981
<b>I. Innlend lánsfjáröflun til opinberra framkvæmda</b>				
1.1. Útgáfa spariskirteina og happdrættisbréfa .....	65,0	70,0	70,0	90,0
1.2. Innheimt af endurlánuðu spariskirteinafé umfram innlausn .....	5,6	67,4	97,7	90,0
1.3. Verðbréfa kaup bankakerfis og Viðlagatryggingar	–	39,0	37,2	108,0
1.4. Verðbréfa kaup lífeyrissjóða .....	–	60,0	11,8	
1.5. Annað lánsfé .....	10,0	–	13,4	30,0
Samtals	80,6	236,4	230,1	318,0



<b>2. Innland lánsfjáröflun fjárfestingarlánasjóða</b>				
2.1. Verðbréfa kaup lífeyrissjóða	123,7	154,6	197,4	296,4
2.2. Lán Atvinnuleysisstryggingasjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins	17,8	22,4	16,8	36,4
2.3. Lán bankakerfis til Framkvæmdasjóðs	21,3	28,0	36,3	44,0
2.4. Skyldusparnaður til Byggingarsjóðs, nettó	19,2	30,0	16,8	33,6
2.5. Annað lánsfé	0,4	–	–	–
Samtals	182,5	235,0	267,2	410,4
Innland lánsfjáröflun, alls	263,1	471,4	497,3	728,4
<b>3. Erlend lán</b>				
3.1. Erlend lán til opinberra framkvæmda	301,1	498,0	560,4	995,5
3.2. Erlend lán til fjárfestingarlánasjóða	57,5	55,3	59,9	124,4
Samtals	358,5	553,2	620,3	1 119,9
<b>Lánsfjáröflun = Ráðstöfun lánsfjár</b>	621,6	1 024,6	1 117,6	1 848,3
<b>1. Opinberar framkvæmdir</b>				
1.1. Framkvæmdir á A-hluta fjárlaga	57,1	120,6	128,3	235,4
1.2. Framkvæmdir á B-hluta fjárlaga	167,9	218,3	260,9	360,0
1.3. Landsvirkjun	99,9	286,9	287,5	462,2
1.4. Orkubú Vestfjarða	–	15,2	21,2	27,2
1.5. Þörungavinnslan	–	2,4	2,4	–
1.6. Járblendifélagið	–	–	–	14,0
1.7. Hitaveitur sveitarfélaga	43,7	64,0	82,4	188,3
1.8. Aðrar opinberar framkvæmdir	13,1	16,0	13,8	15,0
Samtals	381,6	723,3	796,6	1 302,1
<b>2. Fjárfestingarlánasjóðir</b>				
2.1. Framkvæmdasjóður	131,6	156,3	161,3	255,4
2.2. Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna	78,3	125,4	113,5	236,9
2.3. Aðrir sjóðir	30,1	19,6	46,2	53,9
Samtals	240,0	301,3	321,0	546,2

## VII

### Bankakerfið

Markmið stefnunnar í peningamálum er að stuðla að framgangi efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar með því að efla peningalegan sparnað og skapa jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar lánsfjár.

Áætlunin felur í sér að aukin útlánageta innlánsstofnana verði nýtt enn frekar en á síðasta ári til að draga úr öðru framboði peninga svo sem erlendum lánnum. Stefnt er að því að útlánaaukning bankakerfisins fylgi sem næst almennri verðlags- og framleiðsluþróun svo að séð verði fyrir eðlilegum þörfum atvinnulífsins án þess að leiða til eftirspurnarþenslu.

Peningamálaáætlanir sem settar hafa verið fram í lánsfjáraætlunum síðustu ára hafa jafnan miðast við verðlagsforsendur sem síðan reyndust óraunhæfar, bæði vegna óvæntra verðhækkunartilfæna og vegna þess að viðnámsaðgerðir báru ekki óskaðan árangur. Þótt mikilvægur árangur hafi náðst á sviði peningamála síðustu árin verður hann aðeins að takmörkuðu leyti rakinn til þessara áætlana.

Verðlagsforsendur sem nú eru lagðar til grundvallar fela í sér verulega hjöðnun verðbólgu. Engu að síður verður nauðsynlegt að endurmeta stöðuna, til dæmis ársfjórðungslega, og færa útlánamörk áætlunarinnar til samræmis við þróunina á öðrum sviðum. Verði verðlagshækkningar meiri en nú er miðað við, verða sett rýmri mörk um aukningu útlána svo framarlega sem útlánageta innlánsstofnana leyfir, án yfirdráttar hjá Seðlabanka.

Á hinn bóginn gætu aðstæður krafist sérstaks aðhalds í útlánamálum enda þótt lausafjárstaða innlánsstofnana sé góð um stundarsakir. Þess eru dæmi að peningaframboð aukist skyndilega vegna mikilla útflutningstekna, greiðsluhalla ríkissjóðs eða erlendra lána. Þetta getur valdið því að útlánageta innlánsstofnana verði of mikil eða jafnvel að hún sé ofmetin og þess ekki gætt að viðhalda nægilega sterkri lausafjárstöðu til að mæta næstu áföllum. Mikilvægt er að koma í veg fyrir að þessir þættir valdi óhóflegu peningaframboði og eftirspurnarþenslu en til þess þarf m. a. að auka fjáröflun innanlands utan Seðlabanka til fjárfestingarverkefna og tímabundins greiðsluhalla ríkissjóðs. Takist ekki að hefta lausafjármyndun af þessum toga nægilega verður endurskoðun peningamálaáætlunar innan ársins að stefna að samdrætti útlána innlánsstofnana.

Eins og töflur 14—16 hér að aftan sýna er að því stefnt að lán bankakerfisins aukist um 44% á árinu 1981. Eru þá meðtalin lán Seðlabanka til ríkis og atvinnuvega en undanskilin erlend lán sem veitt eru fyrir milligöngu bankanna. Í fjárlagafrumvarpi er miðað við að ríkissjóður endurgreiði Seðlabanka 100 m.kr. af lánum frá bankanum. Reiknað er með að geymdur verðbótapáttur lánanna verði um 80 m.kr. þannig að skuldalækkunin nemi 20 m.kr. Skuld ríkissjóðs við Seðlabankann nam 298 m.kr. í lok ársins 1980 og hafði ekki aukist nema um 10 m.kr. á árinu, enda þótt geymdur verðbótapáttur hafi numið um 80 m.kr.

Gert er ráð fyrir að almenn útlán innlánsstofnana aukist um 45% á árinu 1981 en útlánin í heild um 46%, og eru þá meðtalin endurseld afurðalán og lán til opinberra framkvæmda og sjóða. Með auknum peningalegum sparnaði, sem vikið er að hér á eftir, hefur þegar tekist að draga nokkuð úr afurðalánum Seðlabankans og erlendri lánsfjárförf þar sem innlánsstofnanir hafa tekið að sér aukið hlutverk á þessum sviðum. Á síðasta ári var samið við fulltrúa banka og sparisjóða um verðbréfalán þeirra til opinberra framkvæmda og sjóða og fylgja þessi lán nú föstum reglum. Afstaða sparifjáreigenda til ávöxtunarkjara innlána ræður miklu um það hver þessi fjárhæð verður þar sem hún er ákveðinn hundradshluti af aukningu innlána á liðnum ársþriðjungi. Ef útlánagetan leyfir er æskilegt að verðbréfaupin fari fram úr umsömdum mörkum, enda verði þá dregið úr erlendum lántökum að sama skapi. Jafnframt þurfa innlánsstofnanir að halda lausafjárstöðu sinni hæfilega sterkri til að mæta venjulegum sveiflum í framboði peninga.

## VIII

### Erlend lán

Við gerð lánsfjáráætlana hefur jafnan verið stefnt að því að hamla gegn erlendum lántökum eftir því sem unnt hefur verið á hverjum tíma. Þótt lántökur hafi í reynd farið meira eða minna fram úr áætlunum mun óhætt að telja að nokkur árangur hafi samt orðið af þeirri aðhaldssemi sem sýnd hefur verið við gerð lánsfjáráætlana. Á árinu 1979 fóru erlendar lántökur 173 m.kr. fram úr áætlun. Samkvæmt bráðabirgðatölum er áætlað að á árinu 1980 hafi erlendar lántökur til langs tíma numið 1 073 m.kr., þegar dregnar hafa verið frá lántökum sem gengið hafa til sérstakra endurgreiðslna í sambandi við lengingu lána. Í lánsfjáráætlun var lántökuspá 856 m.kr. og nemur því aukning á lántökum í reynd 217 m.kr. umfram það sem spáð var.

Þessa miklu hækkun má að einhverju leyti rekja til meiri fjármagnsparfar vegna hækkunaráhrifa gengis- og verðlagsbreytinga umfram forsendur lánsfjáráætlunar, ásamt meiri framkvæmdum bæði opinberra aðila og einkaaðila en áætlað var, og einnig komu til langtíma rekstrarlán sem ekki hafði verið gert ráð fyrir í lánsfjáráætlun. Afborganir af löngum lánnum eru áætlaðar 376 m.kr. og verður þá nettóaukning langra lána 697 m.kr. á árinu 1980. Svarar það til um 12,0% af útflutningstekjum en 5,3% af þjóðarframleiðslu. Er þetta hærra hlutfall en árið áður en þá varð nettóaukning langra lána 8,3% af útflutningstekjum en 3,8% af þjóðarframleiðslu. Samsvarandi tölur fyrir árið 1978 eru 6,3% og 2,7% og fyrir árið 1977 13,3% og 5,1%.

Á árinu 1980 er áætlað að viðskiptajöfnuður við útlönd hafi verið óhagstæður um 320 m.kr. samkvæmt bráðabirgðauppgjöri samanborið við 100 m.kr. halla 1979 reiknað á meðalgengi 1980. Er því um að ræða 220 m.kr. óhagstæðari jöfnuð en 1979. Meginhlutann eða um 200 m.kr. má rekja til óhagstæðrar þróunar þjónustujafnaðar, einkum að því er varðar samgöngur, ásamt hækkun vaxta á erlendum lánamarkaði og aukningu ferða- og dvalarkostnaðar. Nettóaukning langra erlendra lána er samkvæmt greiðslujafnaðaryfirliti talin 697 m.kr. á árinu 1980 en á móti er fjármagnsútstreymi á öðrum fjármagnsliðum áætlað 104 m.kr. Verður þá fjármagnsjöfnuður í heild hagstæður (fjármagnsinnstreymi nettó) um 593 m.kr. sem gengur til þess að jafna halla á viðskiptajöfnuði og bæta gjaldeyrisstöðuna um 269 m.kr. reiknað á meðalviðskiptagengi ársins.

Löng erlend lán námu 5 940 m.kr. í árslok 1980. Fært til meðalgengis er það rúmlega 35% af vergri þjóðarframleiðslu ársins en þetta hlutfall var næstu fjögur árin á undan 32—34%, en 35% árið 1975. Að meðtalinni aukningu á árinu 1981 er áætlað að hlutfallið verði 36—37%.

Greiðslubyrði vegna afborgana og vaxta af löngum erlendum lánnum hefur sl. fimm ár verið sem hlutfall af útflutningstekjum sem hér segir: 1975: 14,2%, 1976: 13,8% 1977: 13,7%, 1978: 13,1%, 1979: 12,8%. Á árinu 1980 er áætlað að hlutfallið hafi verið um 14,1% en líklegt er að á þessu ári fari hlutfallið enn hækkandi.

Þörf fyrir erlendar lántökur má annars vegar miða við þarfir fyrir erlendan gjaldeyri út frá greiðslujafnaðarhorfum og hins vegar þörf á að fjármagna nauðsynlegar og arðbærar framkvæmdir sem ekki reynist unnt að fjármagna með innlendum sparnaði. Frá greiðslujafnaðarsjónarmiði miðast þörfin fyrir erlendar lántökur á árinu 1981 við endurgreiðslu af eldri lánnum, að viðbættum halla á viðskiptajöfnuði, sem samkvæmt þjóðhagsspá verður um 425 m.kr., og því sem telja má æskilegan bata á gjaldeyrisstöðu.

Endurgreiðslur af löngum lánnum eru áætlaðar 690 m.kr. á árinu 1981 en auk þess er gert ráð fyrir endurgreiðslu af gjaldeyrissskuldum við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn að jafnvirði um 80 m.kr. (Skuldin við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn er innifalin í gjaldeyrissskuldum Seðlabankans og hefur endurgreiðsla hennar því ekki áhrif á nettógjaldyrisstöðuna en lækkar hins vegar gjaldeyrisforðann, þ. e. gjaldyriseignina brúttó). Á móti endurgreiðslu gjald-

eyrisskulda þarf að taka tilsvarendi lán ef halda á gjaldeyrisfordanum óbreyttum, en það má telja eðlilegt markmið. Út frá framangreindum greiðslujafnaðarsjónarmiðum er ný lántökuþörf áætluð um 1 200 m.kr. á árinu 1981 (þ. e. samtala viðskiptahalla og endurgreiðslu eldri lána og gjaldeyrissskuldar).

Heildarupphæð innkominna langra erlendra lána er áætluð 1 463 m.kr. en það er áætluð fjárförf vegna fyrirhugaðra framkvæmda á árinu 1981 umfram það fé sem aflað verður innanlands. Auk lántöku til þess að mæta þessum þörfum verður aflað heimildar til lengingar lána án þess að slík lán hafi áhrif á heildarstöðu erlendra skulda.

Áformað er að breyta skammtímaskuldum nokkurra hitaveitna í lán til lengri tíma. Þetta á einkum við um lán sem hvíla á hitaveitum Suðureyrar, Siglufjarðar, Blönduóss og Akureyrar, svo og rafveitu Siglufjarðar. Einnig er fyrirhugað að umbreyta eða taka lán vegna afborgana af lánnum Kröfluvirkjunar (26,3 m.kr.) og lánnum sem tekin hafa verið vegna byggðalínuf framkvæmda (24,9 m.kr.).

Eins og að framan segir eru afborganir af löngum erlendum lánnum áætlaðar 690 m.kr. og hrein aukning skulda því 773 m.kr. Það er um 9% af áætluðum útflutningstekjum og 4% af áætlaðri þjóðarframleiðslu og er heldur lægra en samsvarandi hlutfall 1980 sem reyndist 12% og 5,3%. Í heild er áætlað að fjármagnsjöfnuður verði hagstæður (fjármagnsinnstreymi nettó) um 636 m.kr. Gengur hann til þess að jafna hallann á viðskiptajöfnuði og bæta gjaldeyrisstöðuna um 200 m.kr.

Erlendar langtímalántökur opinberra aðila eru áætlaðar 995,5 m.kr., þar af vegna A- og B-hluta fjárlaga 288,8 m.kr. og fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs 503,4 m.kr. og er Landsvirkjun þar hæst með 462,2 m.kr. Lántökur á vegum bæjar- og sveitarfélaga eru áætlaðar 203,3 m.kr.

Hér fer á eftir yfirlit um fyrirhugaðar erlendar langtímalántökur á árinu 1981 sundurliðað á helstu liði í þúsundum króna:

A- og B-hluti fjárlaga .....		288 840
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs .....		503 390
Landsvirkjun .....	462 190	
Járnblendifélagið .....	14 000	
Orkubú Vestfjarða .....	27 200	
Sveitarfélög .....		203 300
Hitaveitur .....	188 300	
Ófyrirséð .....	15 000	
Lánastofnanir .....		124 400
Framkvæmdasjóður .....	89 400	
Byggðasjóður .....	15 000	
Iðnþróunarsjóður .....	20 000	
Atvinnufyrirtæki .....		343 000
Járnblendifélagið .....	10 000	
Skip .....	117 000	
Fiskiskip .....	65 000	
Endurbætur fiskiskipa .....	20 000	
Önnur skip .....	32 000	
Flugvélar .....	6 000	
Innlend skipasmíði .....	90 000	
Innlend bátasmíði .....	10 000	
Vélar og tæki .....	40 000	
Ýmislegt ófyrirséð .....	70 000 <sup>1)</sup>	
	Alls	1 462 930

<sup>1)</sup> Þar af rekstrarlán Flugleiða hf. 38 000 þúsund krónur.

## IX

### Lánsfjármarkaðurinn

Heildaryfirsýn yfir meginstrauma lánsfjármarkaðarins er gefin í töflum 19—21 í töfluviðauka. Þar eru allar lánahreyfingar sýndar í samræmdu formi nettóhreyfinga frá lánveitendum til endanlegra lánþega, og að auki er sýnt í sundurliðunartöflum hvors árs 1980 og 1981 hve mikið fer frá sömu aðilum til lánastofnana til miðlunar frá þeim sem lánveitendum. Eins og fyrri ár skortir mikið á að tölur um bankakerfi og sjóðakerfi séu samþærilegar með tilliti til endurmats fjárstærða í verðbólguþróuninni. Slíkt endurmat peningastærða bankakerfisins, af verðbótaþætti og verð- og gengistryggingu, kemur svo til allt til skila og er innifalið í nettóhreyfingunum. Samsvarandi uppfærslu reikningsliða fjárfestingarlánasjóða og lífeyrissjóða er hins vegar mislangt komið, og er í tilviki þeirra sýnd nettóniðurstæða nýrra lána og afborgana án uppfærslu fyrra lánastofns.

Fjárfestingar- og lánsfjáráætlanir síðustu ára hafa falið í sér aðhald að lánveitingum til þess að fyrirbyggja ofþenslu í efnahagslífinu og auka líkur á árangri í viðnámi gegn verðbólgu. Þetta aðhald var ærið torvelt meðan peningalegur sparnaður var að skreppa saman að tiltölu við þjóðarframléiðslu og þar með við fjármögnunarþarfir athafnalífsins, allt niður í 21,5% hlutfall meðalinnlána með áföllnum vöxtum miðað við þjóðarframléiðslu árið 1978. Er þetta veigamikil skýring þess að aðhaldið hefur farið úr böndunum og erlend lán farið vaxandi svo sem greint er frá í kaflanum um þau. Með vaxandi verðtryggingu er þegar kominn nokkur bati í peningalegan sparnað. Að sama skapi færast jafnvægismark á innlendum lánamarkaði nær og síður hætt við þenslu þótt bankakerfinu sé ætlað nokkru rýmra svigrúm en fyrr.

Árið 1980 sýnir enn eitt dæmi þess að lánsfjármarkaðurinn hefur sprengt af sér þær skorður sem settar voru með lánsfjáráætlun. Að talsverðu leyti er þetta afleiðing þess að verðlag og þar með gengi hefur farið fram úr spáforsendum, en einnig þess að þarfir hafa verið metnar brýnni en í upphafi og aðhald þar með slaknað. Afkoma ríkissjóðs og greiðslur af skuldum hans við Seðlabankann reyndust þó aðhaldssamari þáttur en um árabíl. Hið sama gildir þó ekki um heildarnotkun lánsfjár á vegum opinberra aðila. Gert var ráð fyrir að nettólánastreymi til þeirra mundi aukast um 23% frá fyrra ári, en aukningin reyndist 83%. Lánanotkun einkaaðila jókst einnig mjög mikið umfram áætlun. Varð aukningin 67%, þar af atvinnufyrirtækja 71% og íbúðaeigenda 62%, á móti aukningu samkvæmt áætlun um 13%, 2% og 42% í sömu röð talið. Svo lág áætlun um lán atvinnufyrirtækja átti sér þá skýringu, að gert var ráð fyrir verulega minni verðbólgu en árið áður, með samsvarandi minni vaxta- og gengisuppfærslu rekstrar- og afurðalána bankakerfisins, en það fór á annan veg sem fyrr segir.

Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun 1981 er stefnt að 31% aukningu nettólánastreymisins í heild, eða úr 2 667 m.kr. 1980 í 3 483 m.kr. 1981. Á notkunarhlíð kemur mest takmörkun fram við atvinnuvegina, sem fái 18% aukningu í sinn hlut. Vísast til skýringar á því til þess sem áður segir um samhengi útlánaaukningar bankanna við verðbólgu hvort árið um sig. Á hinn bóginn verður mjög mikil, eða 53%, aukning á nettólánanotkun íbúðaeigenda. Aukning nettólánastreymis til opinberra aðila verður 34%. Aukning nettólánastreymis til ríkisaðila í heild að meðtöldum ríkisfyrirtækjum (þ. á m. Landsvirkjun) verður þó meiri, um 40%, en aukning langra erlendra lána til þessara aðila verulegum mun meiri, eða 65%.

Á hlið lánveitenda er nú gerð rýmilegri og að því er virðist raunsærri áætlun en oft áður um nettólánaframboð innlánsstofnana, er aukist um 29%, þar af til einkaaðila um 33%. Lánastreymi bankakerfisins að meðtöldum Seðlabanka og skiptum hans við ríkissjóð aukist þó aðeins um 24% nettó. Fjárfestingarlánasjóðir munu auka nettólánaframboð sitt um 46%, þar af um 27% til atvinnufyrirtækja og 72% til íbúðaeigenda. Auk þess munu lán frá

lífeyrissjóðum aukast um 52% að meðtöldum lánnum til lánastofnana og svipað til beinna lánþega, sem að mestu eru íbúðaeigendur.

Í kafla um fjárfestingarlánasjóði er reiknað með yfirtöku Fiskveiðasjóðs á erlendum fiskiskipalánnum þegar við formlega lánveitingu úr sjóðnum. Hér er, til samræmis við fyrri reglu og meðferð erlendra lána, reiknað með þeim sem erlendum lánnum skipaiegenda, þar til greitt er af þeim til útlanda.

Sökum þess hve langt erlend lán fóru fram úr áætlun 1980 mun nettóinnstreymi þeirra ekki aukast mikið, verði haldið fast við áætlun, eða um 7% til beinna lánþega, en um 10% að lánastofnunum meðtöldum. Til opinberra aðila er áætlað að innkomin erlend lán að frádregnum afborgunum aukist mjög mikið eins og áður sagði eða um 69%. Á móti þessu mun nettóstreymi langra erlendra lána til einkaaðila minnka um 261 m.kr., eða um sem svarar 34% af opinberum lántökum nettó 1981, þó að því tilskildu að ekki verði rýmkað um heimildir. Niðurstaða stuttra lánahreyfinga hefur lítil áhrif á þá mynd sem þegar hefur verið dregin upp. Gert er ráð fyrir nokkru útstreymi fjár undir þeim lið eins og undanfarin ár. Að því er tekur til lánastofnana er þar um breytingar gjaldeyrisstöðu að ræða. Meðtaldir í nettóhreyfingum til endanlegra lánþega eru óskýrðir mismunir (skekkiur og vantalið).

## X

### Fjárfesting

Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1980 var gert ráð fyrir að fjármunamyndunin í heild ykist um 6,8% að raungildi frá fyrra ári. Ennþá er ekki fyrir hendi full vitneskja um fjárfestinguna á síðastliðnu ári en fyrirbyggjandi áætlanir benda til að fjárfestingarspáin hafi í meginatriðum gengið eftir, ef mælt er í raunstærðum, því að nú er aukningin áætluð 8%. Hins vegar urðu verðhækkunar nokkru meiri en gert hafði verið ráð fyrir og að meðaltali reyndist byggingarvísitala 55,6% hærri 1980 en 1979 í stað 45% í spá. Enda þótt heildarfjárfestingin sé talin hafa orðið svipuð og spáð hafði verið, verða ýmsar tilfærslur milli einstakra liða í fjármunamynduninni ýmist til hækkunar eða lækkunar. Opinberar framkvæmdir í heild eru taldar standast áætlun, atvinnuvegafjárfestingin er áætluð 3—4% meiri, aðallega vegna meiri innflutnings flutningatækja og ýmissa véla og tækja, en íbúðarhúsa-byggingar eru nú taldar verða 2% minni en í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun. Sem hlutfall af þjóðarframleiðslu er fjárfestingin nú talin verða um 27%, um 1/2% hærri en áætlað var.

Fjárfestingin á árinu 1981 er talin dragast saman um 4,1% frá fyrra ári og nema 26% af þjóðarframleiðslu. Hér á eftir fer samandregin tafla um fjármunamyndun árána 1980—1981 en frekari sundurliðanir er að finna í töfluviðauka. Verðlagsforsendur eru þær sömu og í fjárlögum, þ. e. 42% meðalhækkun milli árána 1980 og 1981.

Fjármunamyndunin 1980—1981

	Verðlag hvors árs í milljónum króna			Magnbreyting frá fyrra ári, %		
	Lánsfjár- áætlun 1980	Áætlun 1980	Lánsfjár- áætlun 1981 <sup>1)</sup>	Lánsfjár- áætlun 1980	Áætlun 1980	Lánsfjár- áætlun 1981
1. Atvinnuvegir .....	1 318	1 478	1 836	0,8	4,5	-12,6
2. Íbúðarhús .....	689	730	1 036	-3,1	-5,0	0,0
3. Opinberar framkvæmdir	1 266 (706)	1 377 (750)	2 010 (1065)	21,3 36,0	21,2 35,4	2,8 0,0
4. Samtals .....	3 273	3 585	4 882	6,8	8,0	-4,1
5. Fjárfesting sem hlutfall af þjóðarframleiðslu ...	26,6%	27,1%	26,0%			

1) Verðlag fjárlaga 1981.

Megindrættir fjárfestingarspárinnar fyrir 1981 eru þeir að gert er ráð fyrir að fjárfesting atvinnuveganna dragist saman um 12½%, en að opinberar framkvæmdir aukist lítið eitt eða um 2—3% eftir fimmtings aukningu á síðasta ári. Opinberar framkvæmdir haldast því á mjög háu stigi annað árið í röð og eins og áður fer mest fyrir orkuframkvæmdum. Áætlað er að íbúðarhúsabyggingar verði svipaðar og á árinu 1980.

Áætlunin um fjárfestingu atvinnufyrirtækja er ýmist gerð með hliðsjón af vitneskju um framkvæmdaáform eða samninga einstakra fyrirtækja eða með framlengingu þróunar í fjárfestingarmálum einstakra greina að teknu tilliti til útlánaáætlana fjárfestingarlánasjóða. Fjármunamyndun í landbúnaði dróst saman á síðasta ári og enn er búist við samdrætti á þessu ári, meðal annars með hliðsjón af þeirri stefnu og aðgerðum sem gripið hefur verið til í því skyni að halda aftur af framleiðslunni. Fjárfesting í fiskiskipum dróst saman á síðasta ári. Erlend kaup og endurbætur voru svipuð og árið áður. Nokkur samdráttur varð í innlendum skipasmíðastöðvum. Á árinu 1981 er gert ráð fyrir að verkefni skipasmíðastöðva verði álíka mikil og í fyrra en skipakaup frá útlöndum og endurbætur skipa erlendis dragist saman a. m. k. um fjórðung. Fjárfestingarútgjöld fiskvinnslufyrirtækja jukust um fimmting árið 1979 og voru í hámarki. Talið er að framkvæmdir hafi dregist saman um 10% á síðasta ári en á þessu ári er gert ráð fyrir 5% aukningu. Stækkun álverksmiðjunnar lauk á sl. ári en jafnframt hefur verið unnið að uppsetningu hreinsibúnaðar í verksmiðjunni. Á því verki að ljúka á þessu ári og ræðst áætlunin um fjárfestingarútgjöld fyrirtækisins af þeim áformum. Byggingu járnblendiverksmiðjunnar er nú lokið að heita má og því ekki gert ráð fyrir neinum meiri háttar framkvæmdum þar á þessu ári. Aukning fjárfestingar í öðrum iðnaði er talin hafa numið um 7% á síðasta ári. Í ár er búist við aukningu framkvæmda er nemur um 20%. Af þessari aukningu stafar um helmingur af framkvæmdum vegna byggingar sýruverksmiðju við áburðarverksmiðjuna í Gufunesi en fyrirhugað er að ljúka þeirri byggingu á næsta ári. Innflutningur flutningatækja er talinn hafa aukist um 80—90% í fyrra. Mikil aukning varð í innflutningi atvinnubifreiða og flugvéla kaup voru með mesta móti, munar þar mest um nýja þotu Flugleiða. Óvenjumikið var um sölu eldri flutningaskipa og flugvéla úr landi og er söluandvirði þeirra að vanda dregið frá fjárfestingunni. Árið 1981 er vitað um kaup á tveimur flutningaskipum og í lánsfjáráætlun er gert ráð fyrir hönnun og byrjunarframkvæmdum við smíði nýrra skipa fyrir Skipautgerð ríkisins. Hins vegar er ekki vitað um nein flugvéla kaup sem máli skipta og búist er við samdrætti í innflutningi atvinnubifreiða eftir hin miklu kaup til landsins í fyrra. Af þessum sökum er gert ráð fyrir nær helmings samdrætti í útgjöldum til kaupa á flutningatækjum. Bygging verslunar-, skrifstofu- og gisti-húsa var í hámarki á árinu 1978 en dróst saman um 18% á árinu 1979. Í fyrra er talið að samdráttur hafi orðið um 5% í þessari grein og í ár er einnig spáð 5% samdrætti. Mikil aukning varð í fyrra á kaupum vinnuvéla alls konar svo og skrifstofuvéla og tölvubúnaðar. Þessar vélar eru í fjárfestingarskýrslum undir samheitinu ýmsar vélar og tæki. Aukningin í fyrra er talin a. m. k. fjórðungur og því er gert ráð fyrir um 10% samdrætti í þessari grein í ár.

Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ársins 1980 var gert ráð fyrir að íbúðabyggingar drægjust saman um 3%. Byggingarskýrslur eru nú að berast Þjóðhagsstofnun og af þeim skýrslum sem þegar eru komnar, virðist mega ráða að samdráttur hafi orðið nokkru meiri en búist hafði verið við, eða u. þ. b. 5% að ætlað er. Erfitt er að spá um byggingarstarfsemina á árinu 1981. Áætlað er að útlán hins opinbera íbúðalánakerfis verði aukin verulega. Þess þarf þó að gæta að aukningin felst að töluverðu leyti í útlánum til verkamannabústaða en þau nema mun hærra hlutfalli af byggingarkostnaði en hin almennu íbúðalán. Jafnframt má gera ráð fyrir aukningu annarra svonefndra félagslegra lána og lána til kaupa á eldra húsnæði. Þannig er óvíst hversu mikil áhrif útlánaaukning opinberu byggingarsjóðanna á þessu ári

kann að hafa á framkvæmdir. Undanfarna áratugi hefur íbúðafjárfesting haldist allvel í hendur við tekjur einstaklinga en jafnframt verið háð eigin vinnuframlagi íbúðabyggjenda og ætla má að svo sé enn að töluverðu leyti. Tekjuþróun liðins árs og horfur í þeim efnunum á þessu ári gæti gefið ástæðu til að ætla að íbúðabyggingar fari fremur minnkandi en vaxandi á þessu ári. Jafnframt er líklegt, vegna samdráttar í byrjunum íbúða undangengin tvö ár, að verkefni um sl. áramót hafi verið minni en fyrir ári. Áformuð aukning útlána og smíði verkamannabústaða vegur hér á móti. Þegar litið er til þess, er að framan greinir, er gert ráð fyrir að umsvif við smíði íbúðarhúsa haldist svipuð árið 1981 og á liðnu ári.

Sem fyrr segir er talið að opinberar framkvæmdir hafi aukist um fimmtung á árinu 1980. Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun 1981 er gert ráð fyrir að opinberar framkvæmdir aukist enn lítið eitt á þessu ári. Bæði árin 1980 og 1981 nema orkuframkvæmdir um 55% af heildarframkvæmdum hins opinbera. Samgönguframkvæmdir eru taldar verða svipaðar í ár og í fyrra, er þær jukust um 9%. Aftur á móti er smíði opinberra bygginga talin aukast um 15% í ár eftir 6% aukningu í fyrra. Hér er því um rúmlega 20% aukningu að ræða bæði árin 1980 og 1981, eftir samdrátt sem nam 11% 1978 og 10% 1979, þannig að í ár yrðu þessar framkvæmdir svipaðar og á árinu 1977. Árið 1981 verður mest aukning í byggingu sjúkrahúsa, um fjórðungur. Með sjúkrahúsbyggingum eru talin meiri háttar tækjakaup, en þau eru óvenjumikil í ár.

Raforkuframkvæmdir eru taldar aukast um 2% 1981 eftir rösklega 40% aukningu í fyrra. Framkvæmdir við Hrauneyjafossvirkjun verða meiri í ár en í fyrra og miðast þær við að unnt verði að taka fyrsta áfanga virkjunarinnar í notkun í haust. Af öðrum orkuframkvæmdum má helst nefna lagningu suðausturlínu. Eins og áður er getið verða orkuframkvæmdir álíka miklar árin 1980 og 1981 en búist er við 4% samdrætti í hitaveituframkvæmdum í ár eftir nær fjórðungs aukningu í fyrra. Hvort þessara ára nema orkuframkvæmdir, þ. e. raforku- og hitaveituframkvæmdir, væntanlega um 5 1/2% af þjóðarframleiðslu. Meðaltal orkuframkvæmda sem hlutfall af þjóðarframleiðslu nam 2,5% á ári 1960—1969 og 4,2% árin 1970—1979. Stærstu verkefni í hitaveitum, sem unnið er að auk nýlagna Hitaveitu Reykjavíkur, eru við Hitaveitu Borgarfjarðar, Hitaveitu Akureyrar og Hitaveitu Suðurnesja. Samgönguframkvæmdir eru áætlaðar svipaðar í ár og í fyrra, en þá eru þær taldar hafa aukist um 9%, eins og fyrr greinir. Framkvæmdir við vegi og brýr jukust um tæplega 40% í fyrra og í ár eru þær taldar aukast um 5%. Í töfluviðauka eru tvær töflur með sundurliðun opinberra framkvæmda 1979—1981. Þar kemur fram að hreinar ríkisframkvæmdir eru taldar hafa aukist um tæplega 30% 1980 og muni aukast um 5 1/2% 1981. Ef framkvæmdir Landsvirkjunar eru undanskildar kemur fram 8% aukning 1980 og um 2% samdráttur 1981. Rétt hefur þótt að telja framkvæmdir Landsvirkjunar til hreinna ríkisframkvæmda, enda þótt eignaraðild Reykjavíkurborgar sé 50%, þar sem lánsfjárúvegum hvílir að mestu á herðum ríkisins og fyrirtækið í heild er á B-hluta fjárlaga. Sameiginlegar framkvæmdir ríkis og sveitarfélaga eru taldar hafa aukist um 7% í fyrra og munu aukast um 4—5% í ár. Framkvæmdir sveitarfélaga jukust um 16% í fyrra að því talið er og dragast að líkindum saman um 2% í ár. Ef hita- og vatnsveituframkvæmdir eru undanskildar hafa framkvæmdir sveitarfélaga aukist um 8—9% 1980 en eru á árinu 1981 áætlaðar svipaðar og í fyrra. Aukning á sl. ári á einkum rót sína að rekja til raforkuframkvæmda Hitaveitu Suðurnesja.

Talið er að byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð hafi aukist um 3—4% árið 1980. Samkvæmt þessari fjárfestingaráætlun má gera ráð fyrir svipuðum umsvifum í þessari grein á árinu 1981.



## XI

### Fjármögnun

Yfirlit um lánsfjármögnun fjármunamyndunar í höfuðdráttum fer hér á eftir. Það er háð fyrirvörum um sambærileik talnaefnis á báða bóga, fjármunamyndunar og fjármögnunar hennar, þar á meðal um sambærilega flokkun á þá þrjá megingeira sem hér er um fjallað. Miðað er við brúttóstærðir á báðar hliðar, þ. e. fjármunamyndun án frádráttar afskrifta annars vegar og nýjar lánveitingar án frádráttar afborgana hins vegar. Viðhalds- og endurnýjunarframkvæmdir, t. d. við íbúðarhús, koma þó ekki með. Á hinn bóginn eru lán innlánsstofnana til íbúðabygginga, svo og lítills háttar lán ríkis til annarra aðila, talin á grundvelli nettóaukningar, svo sem þau liggja fyrir.

Lánveitingar til kaupa á öðrum fjármunum en nýmynduðum eiga þannig ekki að koma inn í myndina. Lítið hefur verið um þess háttar lán og heimildir um þau af skornum skammti, auk þess sem slík lán verða oft óbeint að fjármögnun nýrrar fjármunamyndunar í hendi seljanda. Hefur því ekki verið hirt um að taka þau út úr. Einn flokkur lána hefur þó sérstöðu, en það eru svokölluð G-lán Byggingarsjóðs ríkisins, veitt til kaupa á eldra íbúðarhúsnæði. Þeim er því nú sleppt úr yfirlitinu fyrsta sinni. Á móti því sem þau kunna að koma óbeint til nota við byggingarfjármögnun kemur væntanleg ofáætlun þeirrar notkunar lífeyrissjóðalána.

Niðurstöðurnar leiða í ljós að hlutfall lánsfjármögnunar fer vaxandi ár frá ári. Skýringar þessa munu bæði vera þær, að lánakerfið sé að styrkjast, svo og að meira fari fyrir tiltölulega stórum framkvæmdum og þeim framkvæmdum sem viðurkenndar eru sem lántökutílefni. Undantekning virðist vera lánsfjárlutfall atvinnuvegaframkvæmda sem sýnir talsverða lækkun 1981. Reynsla liðinna ára bendir þó til þess að hlutfall lánsfjármögnunar af fjármunamyndun geti reynst hærra en áætlanir sýna.

#### Lánsfjármögnun fjármunamyndunar

	1979	Bráða- birgða 1980	Lánsfjár- áætlun 1981
<b>Fjármunamyndun, alls</b> .....	2 174	3 585	4 882
Atvinnuvegir .....	944	1 479	1 836
Íbúðabyggingar .....	494	730	1 036
Opinberar framkvæmdir .....	736	1 376	2 010
<b>Lánsfjármögnun:</b>			
<b>I Atvinnuvegir</b> .....	469	836	877
Fjárfestingarlánasjóðir .....	262	387	534
Erlendar lántökur .....	213	440	343
Fjárfestingarlán, brúttó .....	475	827	877
Ríki, nettó .....	-8	6	-
Lífeyrissjóðir, nettó .....	2	3	-
<b>II Íbúðabyggingar</b> .....	389	62	928
Fjárfestingarlánasjóðir <sup>1)</sup> .....	126	284	303
Lífeyrissjóðir .....	146	254	385
Fjárfestingarlán, brúttó .....	272	438	688
